



Reykjavík á réttri leið

Kosningaáherslur Samfylkingarinnar í Reykjavík 2022

Kosningaáherslur Samfylkingarinnar í Reykjavík 2022 voru samþykktar á Reykjavíkurbíngi 26. mars í Fjölbautaskólanum í Breiðholti. Áherslurnar eru afrakstur af víðtæku samráði við borgarbúa í aðdraganda kosninga og hugmyndavinnu málefnaþópa flokksins á liðnum vetri.

Málefnaflar:

- Húsnæðismál
- Samgöngumál
- Skipulagsmál
- Loftslags- og umhverfismál
- Menntamál
- Velferðar- og mannréttindamál
- Menningarmál
- Fjármál, atvinnulíf og stjórn borgarinnar

HÚSNÆÐISMÁL

Öruggt húsnæði fyrir alla

Síðustu ár hafa verið metár í húsnæðisuppbyggingu í Reykjavík. Áhersla hefur verið lögð á fjölbreytni og öryggi allra á húsnæðismarkaði. Félagslegum íbúðum hefur fjölgað og biðlistar hafa dregist saman um helming. Óhagnaðardrífín húsnæðisfélög hafa einnig lyft grettistaki í samvinnu við borgina. Stúdentaíbúðir hafa nær tvöfaldast, allar í Reykjavík. Húsnæðisfélag fyrir vinnandi fólk, Bjarg, hefur tryggt þúsundum öruggt þak yfir höfuðið. Fjórar af hverjum fimm slíkum íbúðum sem risið hafa eru í Reykjavík.

Tvö þúsund íbúðir á ári – nægt framboð lóða og byggingarmöguleika

Árið 2019 varaði Seðlabankinn við offramboði og í kjölfarið hægði á fjármögnun nýrra verkefna. Vaxtalækkarnir síðastliðin tvö ár hafa hins vegar gjörbreytt þessari stöðu og eftirspurn eftir fasteignum er nú langt umfram framboð. Reykjavíkurborg á að mæta þessu með aukinni úthlutun lóða og samþykki skipulags- og byggingarverkefna, með sérstakri áherslu á staðsetningu við þróunarása Borgarlínu. Í haust samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að úthlutun lóða yrði aukin og að næstu tíu ár yrði úthlutað fyrir yfir þúsund íbúðir á ári. Lóðir í samþykktu skipulagi sem eru í höndum einkaaðila og byggingarfélaga eru annað eins og eðlilegt að þær byggist nú upp af sama krafti. Með samstilltu átaki allra eiga því yfir 2.000 íbúðir að geta farið í uppbyggingu á hverju ári næstu 5 ár í Reykjavík, eða alls 10 þúsund íbúðir, til að mæta þeirri eftirspurn sem er á húsnæðismarkaði á fjölbreyttan hátt.

Húsnæðismál og græn borgarþróun

Reykjavík setur uppbyggingu íbúða og skipulag sem er í takt við græna og spennandi þróun borgarinnar og getur komist hratt til framkvæmda í forgang í samræmi við áherslu á loftslagsmál, húsnæðismál og samgöngur. Dreifing byggðar fellur á öllum þessum þremur þrófum: Dreifing byggðar er dýr og tímafrek. Dreifing byggðar eykur umferð, veikir almenningsamgöngur og eykur tafatíma í umferðinni. Og dreifing byggðar vinnur gegn árangri í loftslagsmálum.

Samgöngusáttmáli skapar tækifæri

Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins felur í sér mikil tækifæri til góðrar borgarþróunar og uppbyggingar íbúðahúsnæðis. Þéttingarreitir meðfram Borgarlínu eru þar í fremstu röð. Ný og spennandi byggingarsvæði í Ártúnshöfða og síðar í Keldnalandi verða einnig fyrstu hverfin sem skipulögð eru með Borgarlínu í huga frá grunni.

Húsnæðisuppbygging án hagnaðarsjónarmiða

Í nýju aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040 er það markmið sett að fjórðungur allrar húsnæðisuppbyggingar verði á vegum óhagnaðardrifinna félaga. Þetta er lykilverkefni sem ekki mun ganga eftir af sjálfu sér. Í ljósi þess að stefnt er að byggingu 10 þúsund íbúða í Reykjavík á næstu fimm árum verður að eiga sér stað sambærilegt átak í byggingu 2.500 leigu- og búseturéttaríbúða eins og hrundið var af stokkunum árið 2014 og hefur gjörbreytt stöðu þúsunda reykvískra einstaklinga og fjölskyldna á húsnæðismarkaði síðustu ár. Sérstök þörf er á að halda áfram uppbyggingu á húsnæði fyrir fatlað fólk og tryggja því þannig skilyrði til sjálfstæðrar búsetu.

Húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur

Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi við uppbyggingu íbúða fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Fyrstu íbúðirnar í verkefninu eru þegar orðnar að veruleika en yfir 500 slíkar eiga að fylgja á komandi kjörtímabili.

Lífsgæðakjarnar fyrir eldri borgara

Stefnt skal að því að minnsta kosti þrír nýir lífsgæðakjarnar fyrir eldra fólk fari í uppbyggingu í Reykjavík á næsta kjörtímabili, í Ártúnshöfða, í Úlfarsárdal og á einum til tveimur stöðum vestan Elliðaána. Í lífsgæðakjörnum eru heimili og þjónusta tengd saman. Þar er að finna góða blöndu eignaríbúða, búseturéttaríbúða og minni leiguíbúða sem tengjast hvers konar þjónustu, skapa öryggi og möguleika á samveru. Skoðaður verður sá kostur að efna til samkeppni um bestu útfærslu þessara hugmynda. Áhugaverðast er að lífsgæðakjarnar eldra fólks verði í blandaðri byggð þannig að allir aldurshópar blandist í daglegu lífi og í hverfistengdri þjónustu.

Húsnæðissáttmáli fyrir höfuðborgarsvæðið

Langtímasýn og jafnvægi í húsnæðismálum er lífsnauðsyn á húsnæðismarkaði. Algjör skortur er á heildstæðri húsnæðisstefnu fyrir Ísland. Hana ætti að setja með áherslu á húsnæðisöryggi, markvissa og fjölbreytta húsnæðisuppbyggingu, kjör heimila og markmið um kolefnishlutlaust borgarsamfélag. Brýnt er að gera langtímaáætlun um úthlutun stofnframlaga til byggingar íbúða á viðráðanlegu verði. Tryggja þarf aukið öryggi fólks á leigumarkaði með lagasetningu. Útrýma þarf óviðunandi og hættulegu íbúðarhúsnæði með markvissum skrefum, meðal annars á atvinnusvæðum, en heimila með skilyrðum búsetu á umbreytingarsvæðum þar sem búsetuskilyrði og eldvarnir eru í lagi.

Á undanförunum árum hefur Reykjavíkurborg sýnt með samstarfi við verkalyðshreyfinguna, stúdenta og byggingarfélög eldra fólks að góðar lausnir sem tryggja viðráðanlegt verð og húsnæðisöryggi eru til. Sömu sögu er að segja um fjölgun félagslegra íbúða í eigu borgarinnar. Þörf er á sáttmála til lengri tíma um að öll sveitarfélög axli ábyrgð í húsnæðismálum líkt og borgin hefur gert. Þar væri kveðið á um hlutfall félagslegra leiguíbúða, hlutfall óhagnaðardrifinnar uppbyggingar og samræmingu og hækkun á

húsnæðisstuðningi þeirra sem hann þurfa. Fjármagn þyrfti að tryggja fyrir hverjum og einum lið líkt og í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Þetta væri húsnæðissáttmáli fyrir höfuðborgarsvæðið – eða Ísland allt.

LOFTSLAGS- OG UMHVERFISMÁL

Loftslagsmál er stærsta viðfangsefni okkar tíma og það verður að hafa þau í huga við alla ákvarðanatöku. Stjórnvöld verða þar að vera leiðandi og sýna gott fordæmi í verki með raunhæfum lausnum í loftslags- og umhverfismálum. Að þetta byggð, minnka umferð og gera hvern borgarhluta sjálfbærari er eitt af því mikilvægasta sem sveitarstjórnarstigið getur lagt að mörkum í þessu samhengi. Hinn meginþátturinn er meðhöndlun og myndun úrgangs í borgarsamfélaginu. Horfa þarf til áhrifa á umhverfi og loftslag í allri stefnumörkun og ákvarðanatöku og stefna að því að lágmarka umhverfisáhrif einstakra verkefna. Best er þegar hægt er að stuðla að jákvæðum umhverfisáhrifum í þeim málum sem borgin kemur að.

Loftslagsmál eru í grunninn spurning um jöfnuð. Með því aukna ójafnvægi sem loftslagsbreytingar munu óhjákvæmilega valda um allan heim er hættan sú að efnaminni samfélög verði harðast fyrir barðinu á afleiðingum þeirra. Það er skylda Samfylkingarinnar sem jafnaðarmannaflokks Íslands að taka skýra afstöðu í þessum efnum. Ávallt ber að ganga úr skugga um að þær aðgerðir sem ráðist er í bitni ekki á þeim sem verst standa.

Sjálfbært borgarsamfélag

Hvernig skipulagi og vexti borgarinnar er hagað hefur mikil áhrif á möguleikann á því að hér vaxi og dafni sjálfbært borgarsamfélag. Þétting byggðar nýtir núverandi innviði með betri hætti og styrkir eldri hverfi sem gerir þau hvert og eitt sjálfbærari hvað varðar búsetu, störf og þjónustu. Fylgja þarf eftir markmiðum nýlega uppfærðs aðalskipulags Reykjavíkur til 2040 um þéttingu byggðar innan skilgreindra vaxtarmarka borgarinnar.

Breyttar ferðavenjur

Kolefnislosun vegna bílaumferðar er stærsti staki liðurinn í kolefnisbókhaldi Reykjavíkur. Með þéttingu byggðar má stuðla að aukinni notkun almenningssamgangna og virkra ferðamáta. Tryggja þarf framgang Borgarlínu og efla Strætó samhliða. Bæta þarf göngu- og hjólastíganetið og auka forgang og öryggi þeirra ferðamáta á gatnamótum.

Orkuskipti

Að stuðla að orkuskiptum í samgöngum er nauðsynlegt verkefni samhliða vinnu við að auka hlutdeild virkra ferðamáta. Leggja þarf áherslu á að við endurnýjun á vögnum Strætó verði nýir vagnar drifnir af endurnýjanlegum orkugjöfum og að þessari endurnýjun verði flýtt einsog kostur er. Reykjavíkurborg á einnig að ganga undan með góðu fordæmi og setja í forgang að Reykjavíkurhöfn verði rafvædd.

Endurvinnsla og bætt úrgangsmeðhöndlun

Aukin endurvinnsla á sorpi er eitt af stóru verkefnum í átt að hringrásarsamfélaginu. Innleiðing á söfnun á lífrænum úrgangi frá heimilum þarf að komast hratt í gagnið svo sorpvinnslustöðin GAJA komist í þá notkun sem hún var upphaflega hugsuð fyrir. Urðun á sorpi verður bönnuð á næstu árum og því þarf að byggja nýja nútímalega sorpbrennslustöð fyrir höfuðborgarsvæðið. Álfsnes er spennandi sem vettvangur hringrásargarðs fjölbreyttra fyrirtækja. Setja verður undirbúning og framkvæmd ofangreindra mála í forgang.

Standa vörð um grænu svæði

Þétting byggðar skerpir víða skilin milli borgar og náttúru og því þarf að standa vörð um útivistarsvæðin og þá náttúru sem þar er að finna, bæði innan og utan borgarmarka. Með auknum gróðri innan borgarinnar og grænum tengingum milli stærri útivistarsvæða má flétta saman hið villta og græna við borgarumhverfi. Samfylkingin mun standa vörð um skilgreinda borgargarða í aðalskipulagi og fjármagna græna netið, áætlun og góðar, markvissar og grænar tengingar milli grænna svæða. Stefna á að aukinni skógrækt á stærri svæðum utan borgarmarkanna á grunni skógræktaráætlunar með það að marki að auka kolefnisbindingu undir merkjum Loftslagsskóga Reykjavíkur en ekki síður til að efla þau frábæru útivistarsvæði sem þar eru.

Fleiri aðgerðir í loftslags- og umhverfismálum:

- Unnið verði áfram á grunni *Græna plansins* sem er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar og leggur línurnar í fjármálum, fjárfestingum og grænum lykilverkefnum til 10 ára. *Græna planið* byggir á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag.
- Byggt verði upp grænt þekkingarþorp í endurvinnslu og endurnýtingu sorps og fráfallandi efna á Álfsnesi í tengslum við GAJU og nýja sorpbrennslustöð.
- Innleidd verði samræmd fimm flokka söfnun sorps á höfuðborgarsvæðinu.
- Reykjavík verði kolefnishlutlaus í síðasta lagi árið 2040 og lagi sig að loftslagsbreytingum með vistvænum og mannvænum hætti. Gerð verði áætlun um að borgin verði kolefnisjávæð þegar fram í sækir.
-

- Hlutdeild einkabíla í umferð verði ekki meiri en 58% árið 2030, almenningsgangna að minnsta kosti 12% og gangandi og hjólandi að minnsta kosti 30%. Í því skyni skal stefnt að því að 90% nýrra íbúða verði áfram innan þéttbýlismarka til að efla nærpjónustu og draga úr þörf á langferðum.
- Bæta loftgæði með því að vinna gegn notkun nagladekkja og stuðla að því að fleiri noti almenningsgöngur og gangi eða hjóli.
- Faxaflóahafnir verði rafvæddar þannig að skemmtiferðaskip og öll önnur skip sem koma til Reykjavíkur geti tengst hreinu rafmagni.
- Við alla skipulagsgerð verði horft til þess að gera umhverfið sem vistlegast með grænum svæðum og blágrænum ofanvatnslausnum og að styðja við líffræðilegan fjölbreytileika innan borgarinnar. Sérstaklega ber að huga að gróðri á þéttingarreitum. Náttúruvernd er hluti af því að vernda loftslagið.
- Krafa verði gerð um að innkaup borgarinnar verði umhverfisvottuð og miði að því að kolefnisspor þeirra verði sem minnst. Reykjavíkurborg er risastór kaupandi að vörum og þjónustu og hefur áhrif á hvað birgjar bjóða upp á.
- Skapaðir verði hvatar til að byggja með umhverfisvænum hætti. Ný hverfi ættu ekki einungis að vera skipulögð með umhverfisvænum hætti heldur ættu nýbyggingar að fá umhverfisvottun í auknum mæli.
- Bæta umhverfi grenndarstöðva, fjölga móttökuflokkum og ýta undir hringrásarhagkerfið, til dæmis til að sporna við matarsóun. Tryggja að umgengni sé góð og að hirðutíðni samræmist þörfum íbúa á hverjum stað
- Kolefnislosun vegna ræktunar og framleiðslu matvæla getur verið mikil. Horft verði til þess að auka hlutdeild og sýnileika grænkerafæðis í mötuneytum á vegum Reykjavíkur með það fyrir augum að minnka kolefnislosun því tengdu.
- Kolefnislosun tengd Reykjavík og þeirri starfsemi sem þar fer fram verði kortlögð með skýrari hætti í takt við alþjóðlega þróun á samanburðahæfum mælingum. Með betri tölulegum upplýsingum um kolefnislosun má fylgja því betur að þær aðgerðir sem gripið er til skili raunverulegum árangri.
- Standa þarf vörð um náttúrugæði innan borgarinnar, bæði þau svæði sem eru óhreyfð en líka manggert náttúrlegt umhverfi. Með þéttingu byggðar má víða auka náttúrugæði á tilteknum stöðum með aukinni gróðursetningu samhliða uppbygginu í stað t.d. stórra bílastæðasvæða. Með auknum gróðri fæst meira skjól og meira dýralíf í borgina.

SAMGÖNGUMÁL

Stóra áskorunin sem mun fylgja auknum íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu og tilheyrandi uppbyggingu á næstu 15 til 20 árum er að tryggja að samgöngur á svæðinu verði virkari og grænni og virki sem skyldi. Til þess þarf að vinna að því að bílaumferð aukist ekki og að hljóðvist og loftmengun versni ekki. Leggja þarf í stórauknum mæli áherslu á almenningssamgöngur sem lykilþátt í samgöngumynstri höfuðborgarbúa. Þar er Borgarlína lykilverkefni. Um leið þarf að halda áfram að auka hlutdeild virkra ferðamáta í borginni, gangandi og hjólandi og byggja upp nauðsynlega innviði svo þeir nýtist öllum aldurs- og þjóðfélagshópum sem skyldi.

Borgarlína – klárum dæmið

Borgarlína er lykilverkefni í að tryggja að almenningssamgöngur geti orðið raunverulegur valkostur fyrir stóran hóp borgarbúa. Mikill metnaður hefur verið settur í undirbúning verkefnisins á undanförunum árum og þarf að styðja við verkefnið á öllum stigum á næstu árum. Fjármögnun hefur verið tryggð með samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Leggja þarf metnað í uppbyggingu tilheyrandi innviða og tryggja fullnægjandi tíðni og gæði í leiðakerfi.

Framfylgjum samgöngusáttmála

Samgöngusáttmáli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er skýr rammi utan um þau verkefni sem ráðast þarf í til að tryggja öfluga innviði fyrir alla samgöngumáta. Standa þarf vörð um gerðan samning og þau verkefni sem þar eru tilgreind en um leið leggja áherslu á að forgangsraðað verði í þágu Borgarlínu og uppbyggingu stofnstígakerfisins fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Miklabraut og Sæbraut í stökk

Lykilverkefni í að bæta umferð og vinna gegn neikvæðum áhrifum á nálæga íbúabyggð er að Miklabraut og Sæbraut verði settar í stökk. Á yfirborðinu verði sérrými Borgarlínunnar og stígar fyrir gangandi og hjólandi en aðeins gert ráð fyrir hverfistengdri umferð bíla. Með tilkomu þessara innviða gefst færi á að minnka umfang annarra gatna þegar meginhluti umferðarpungans færir í stökkana. Skoðað verði hvort áhugavert geti verið að í stað þess að Miklabraut fari í stökk að Kringlusvæðinu þá verði gerð jarðgöng sem endi við Grensásveg. Í báðum tilvikum myndi mannvirkni taka við umferð á móts við Landspítalann.

Fjölbreyttir ferðamátar

Við eigum að stuðla að auknu frelsi fyrir fólk við val á samgöngumáta. Það þarf að efla virka ferðamáta enn frekar og stórbæta öryggi gangandi og hjólandi með því að setja þessa hópa í forgang. Öll framtíðarþróun verður að miða að því að auka frelsi í samgöngum og draga úr ofuráherslu á einkabílinn.

Sundabraut

Unnið verði áfram í nánu samstarfi við ríkið um næstu skref er varða Sundabraut í samræmi við samkomulag borgarstjóra og innviðaráðherra frá sl. sumri. Þar var tryggt að samráð yrði haft við íbúa og hagsmunaaðila, að Sundagöng yrðu skoðuð til jafns við Sundabráu og framkvæmdin færi alla leið í einum áfanga. Skoða þarf nánar ólíkar útfærslur hvað varðar mögulega legu brautarinnar og setja framkvæmdina, frá Sæbraut að Kjalarnesi, í umhverfismat. Unnið verði samhliða að nauðsynlegum breytingum á aðalskipulagi er varða Sundabraut og deiliskipulag hennar sett í vinnslu.

Fleiri aðgerðir í samgöngumálum:

- Uppbygging göngu- og hjólastíga og nauðsynlegra innviða verði haldið áfram í samræmi við *Hjólreiðaaætlun Reykjavíkur* og samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Sérstaklega verði hugað að uppbyggingu hjólastíganetsins innan hverfa borgarinnar. Uppbygging þeirra haldist í hendur við gildistöku hverfisskipulags og tilkomu Borgarlínu inn í hverfin. Hjóla- og göngustígar verði byggðir upp eða endurnýjaðir eftir þörf þar sem Borgarlínan mun liggja.
- Lögð verði rík áhersla á að bæta öryggi virkra ferðamáta. Eldri göngu- og hjólastígar sem og gatnamót verði yfirfarin með tilliti til þess. Unnið verði að bættum göngutengingum milli hverfa sem aðskilin eru af stofnbrautum.
- Tímaáætlanir í uppbyggingu Borgarlínunnar verði endurskoðaðar með það fyrir augum hvort flýta megi uppbyggingu heildarkerfisins og því lokið hraðar en núverandi áætlanir gera ráð fyrir. Áhersla verði lögð á að tengja Efra-Breiðholt og Keldnaland með Borgarlínu. Aukinn þrýstingur á húsnæðismarkaði kallar á hraðari uppbyggingu Borgarlínunnar.
- Hámarkshraði bílaumferðar innan borgarmarka verði lækkaður í markvissum skrefum í samræmi við áætlun þess efnis. Lægri umferðarhraði minnkar mengun, bætir hljóðvist og gerir götur öruggari.
- Sett verði aukið fjármagn í rekstur Strætó strax svo hægt sé að hefja innleiðingu á *Nýju leiðaneti* Strætó með aukinni tíðni á helstu leiðum leiðakerfisins. Einnig verði skoðað að auka tíðni á völdum leiðum utan háannatíma og/eða lengja aksturstímabil, meðal annars um helgar með næturstrætó.
- Framkvæmdir við gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar verði settar í forgang samhliða gerð Sæbrautarstokks. Þess verði gætt að taka tillit til Borgarlínu og hagsmuna gangandi og hjólandi og að ekki verði gengið á hverfisverndarsvæði Elliðaárdals við útfærslu þeirra gatnamóta.
- Stutt verði við starfsemi deilibíla sem reynst hafa vel í öðrum borgum víða um heim. Þannig má draga úr fjölgun einkabíla og létta á umferð.

- Brugðist verði við fyrirséðu raski á umferð vegna fyrirhugaðra stórframkvæmda á stofnbrautum borgarinnar, meðal annars með aukinni tíðni strætó á þeim köflum. Lögð verði áhersla á að tryggja greiðar samgöngur um framkvæmdasvæði og að virkir ferðamátar njóti þar forgangs.
- Við framkvæmdastaði í borgarlandinu sé þess gætt að framkvæmdaaðilar taki ekki meira pláss en þörf krefur. Tryggja verður öryggi allra vegfarenda við framkvæmdastaði, hvort sem þeir eru gangandi, hjólandi eða með skerta hreyfigetu. Auka þarf eftirlit með verktökum til að ganga úr skugga um að virkir ferðamátar séu í forgangi við framkvæmdastaði.
- Algild hönnun með aðgangi fyrir alla sé alltaf í forgangi. Tryggt verði að frágangur á borgarlandi sé ekki verri og helst betri en hann var fyrir framkvæmdir.
- Auka þarf framboð af íbúðarhúsnæði þar sem bílastæði eru ekki sjálfkrafa hluti af kaupverði íbúðarinnar, hvort sem þau eru á lóð eða í bílakjallara. Bílastæði á nýbyggingarsvæðum ættu í auknum mæli að vera í sameiginlegum bílastæðahúsum innan hverfanna.
- Vetrarþjónusta á göngu- og hjólastígum verði betur skilgreind og eflid. Vetrarþjónusta á stofnstígum milli sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins verði samþætt og samræmd.
- Stefnt skal að því að hlutdeild nagladekkja minnki um helming.
- Borgin kalli eftir samráði af hálfu ríkisins varðandi útfærslu á nýjum aðferðum við gjaldtöku á bílaumferð, samanber markmið ríkisstjórnar, til að stýra álagi og magni bílaumferðar, lágmarka tafir og stuðla að kolefnishlutlausu borgarsamfélagi.

SKIPULAGSMÁL

Undanfarinn áratug hafa verið mörkuð skýr spor í þróun borgarinnar í átt að meiri og betri borg þar sem áhersla á þetta, blandaða og fjölbreytta byggð og bylting í notkun fjölbreyttra virkra ferðamáta hefur haft sjáanleg áhrif á borgarumhverfið og mannlífið innan borgarinnar. Samhliða hefur áhersla á gæði byggðar og almenningsrýmin á milli húsa stórukist. Í öllum tilvikum liggur að baki skýr stefna aðalskipulags Reykjavíkur sem nýlega var framlengt til ársins 2040. Verkefni næsta kjörtímabils er að fylgja eftir þeim góða grunni sem lagður hefur verið í þróun borgarinnar og halda áfram að marka skýr spor í þróun borgarinnar.

Borgarlína er skipulagsmál

Borgarlínan er lykilverkefni í að flétta saman þéttingu núverandi byggðar og ný uppbyggingarsvæði við þau markmið að ná fram breyttum ferðavenjum meðal almennings. Standa þarf vörð um verkefnið og gæta þess að það verði framkvæmt af sama metnaði og settur hefur verið í undirbúning þess.

Hverfisskipulag fyrir öll hverfi borgarinnar

Klára þarf að gera hverfisskipulag fyrir öll hverfi borgarinnar. Með þeirri vinnu eru núverandi gæði í hverju hverfi skilgreind og þar tilgreint hvaða sóknarfæri eru til að efla hverfin með mögulegri uppbyggingu eða styrkingu þeirra innviða sem þar eru. Uppbygging innan eldri hverfa borgarinnar skilar sér í öflugri og sjálfbærari hverfiseiningum og leggur grunn að aukinni þjónustu og starfsemi innan þeirra í takt við markmið um 15 mínútna hverfið.

Þétting byggðar í samræmi við AR2040

Þétting núverandi borgarumhverfis verði haldið áfram á grunni aðalskipulags Reykjavíkur til ársins 2040. Í aðalskipulaginu eru skilgreind fjölmörg þróunarsvæði til uppbyggingar og áætlað að á þeim geti risið allt að 24 þúsund íbúðir. Samhliða aukinni íbúðauppbyggingu í eldri hverfum þarf að fjárfesta í uppbyggingu og endurnýjun eldri innviða.

Aukin gæði byggðar í grennd við stofnbrautir

Með færslu núverandi stofnbrauta á Miklubraut og Sæbraut í stökk gefst tækifæri til að tvinna vel saman aðliggjandi hverfi með þeirri uppbyggingu sem verður möguleg við stökkana. Stökkarnir eru þannig mikilvæg verkefni til að búa til betra borgarumhverfi í næsta nágrenna þessara stofnbrauta og styrkja þau hverfi sem að þeim liggja með aukinni íbúabygð og þjónustu.

Uppbygging í Vatnsmýri

Uppbyggingu í Vatnsmýri verði haldið áfram með nýju hverfi í Skerjafirði, aukinni uppbyggingu í kringum Loftleiðir og við rætur Öskjuhlíðar. Nýir nýsköpunar og þekkingargarðar rísi í nágrenni við Háskólann í Reykjavík. Samkomulagi um flugvöll í Hvassahrauni verði fylgt eftir þegar niðurstöður nauðsynlegra rannsókna liggja fyrir. Reykjavíkurflugvöllur víki árið 2032 í samræmi við ákvæði í AR2040.

Fleiri aðgerðir í skipulagsmálum:

- Efla alla þjónustu í hverfum borgarinnar til að auka lífsgæði borgarbúa og vinna að endurnýjun gamalla hverfiskjarna þar sem þess er þörf.
- Völdum götum innan allra hverfa borgarinnar verði umbreytt í fallegar borgargötur með göngu- og hjólastígum, auknum gróðri, grænu yfirbragði og mögulega sérakreinum fyrir strætó eða Borgarlínu þar sem við á. Snorrabraut verði sérstökum forgangi hvað slíka umbreytingu varðar.
- Snorrabraut verði umbreytt í breiðstræti milli stranda sem tengi gömlu miðborgina frá Hlemmi við framtíðaruppbyggingarsvæði í Vatnsmýrinni, að Háskólanum í Reykjavík og yfir í Kársnes um nýja Fossvogsbrú. Almenningsamgöngur og virkir ferðamátar verði í forgrunni á götunni.

- Haldið verði áfram að stækka svæði göngugatna í miðbænum. Laugavegur verði gerður að göngugötu frá Lækjargötu að Barónsstíg og öll Kvosin milli Vonarstrætis og Tryggvagötu verði bíllaust svæði.
- Hugað verði að því á nýjum uppbyggingarsvæðum að þau verði hönnuð og byggð á forsendum virkra ferðamáta og tenginga við almenningssamgöngur. Innan þeirra verði einnig bíllaust svæði.
- Algild hönnun verði höfð að leiðarljósi í allri mótun borgarumhverfisins. Þannig er þess gætt að allir íbúar og gestir borgarinnar geti notið hennar óháð aldri, stærð, færni eða fötlun.
- Gjaldskylda fyrir bílastæði verði aukin með stærri gjaldskyldusvæðum og lengri gjaldtíma. Eftirlit Bílastæðasjóðs með stöðubrotum verði eflt.
- Til að skapa stöðugleika í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu þarf að setja upp langtímaáætlun um uppbyggingu þess og tímasetja í takt við uppbyggingu nauðsynlegra samgöngumannvirkja á borð við Borgarlínuna.
- Framkvæmdum fyrir Borgarlínuna munu fylgja tækifæri til umbreytinga á því göturými þar sem hún mun liggja. Það kallar um leið á að aðlægar götur og kantsvæði lagi sig að breyttu göturými. Við slíka aðlögun skal leggja áherslu á að bæta aðgengi og öryggi virkra ferðamáta og auka gróður.
- Tekin verði upp stefna um gæði arkitektúrs og almenningsskýmisins í borgarlandinu. Með aukinni þéttingu byggðar þarf að gera skýrari kröfur um að uppbyggingarsvæði gefi af sér góðar íbúðir og íverurými. Við eigum að byggja þétt en ekki þröngt.
- Á þéttingarsvæðum verði sérstaklega hugað að gróðri innan stakra byggingarreita en um leið hugað að opnum grænum svæðum, smágörðum og gróðursælum torgum innan þéttingarsvæða.
- Uppbygging á Keldum verði sett í undirbúning á kjörtímabilinu. Skipulag svæðisins verði sett í hugmyndasamkeppni og uppúr því unnið skipulag af blandaðri byggð íbúða og þjónustu. Seinni áföngum Borgarlínu verði flýtt svo hægt sé að hefja uppbyggingu á Keldum.
- Í tengslum við lífsgæðakjarna fyrir eldra fólk verði skoðað að byggja einnig upp íbúðir fyrir aðra ólíka hópa, svo sem stúdentaíbúðir, sem gæfi færi á samnýtingu á ákveðnum innviðum, þjónustu og áhugaverða blöndu ólíkra hópa.
- Lögð verði sérstök áhersla á að endurnýjun og uppbygging hefjist innan svæða sem liggja nærri Borgarlínu og þeim innviðum sem henni munu fylgja, svo sem í Skeifu, Múlahverfi og Mjódd.
- Við gerð skipulags á nýjum uppbyggingarsvæðum og þéttingarreitum verði lögð áhersla á fjölbreytni í búsetukostum. Þar sem um fjölbýli er að ræða verði tryggt að íbúðartegundir innan reita verði margbreytilegar varðandi stærðir og herbergjafjölda. Innan stærri svæða verði einnig tryggt að hluti uppbyggingar verði hugsaður fyrir sérþýli af ólíkum toga, s.s. einbýlishús, raðhús, sérhæðir og álíka.

MENNTAMÁL

Stefna Samfylkingarinnar í menntamálum byggir á grunnildum jafnaðarstefnunnar og þeirri sannfæringu að með jöfnu aðgengi barna og ungmenna að góðri menntun sé lagður grunnur að velferð þeirra og góðu samfélagi fyrir okkur öll. Menntastefna Reykjavíkurborgar er byggð á sömu sýn. Hún nær til leikskóla, grunnskóla og frístundar og hefur kjörorðin Látum draumana rætast. Stefnan var mótuð í víðtæku samstarfi starfsfólks, nemenda, foreldra, fræðasamfélags og almennings og staðfestir forystuhlutverk Reykjavíkurborgar í menntamálum. Stefnan snýst um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð en um leið valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Jöfnum aðstöðu barna

- Við viljum jafna aðgang og tækifæri barna í borginni til fjölbreyttrar menntunar sem byggir þau upp sem fjölhæfa, skapandi einstaklinga sem fá stuðning og leiðsögn til að láta drauma sína rætast. Við viljum taka aukið tillit til félags- og efnahagslegrar stöðu barna við úthlutun fjármagns til skóla í borginni. Þannig fá skólar í hverfum sem búa við þrengri kost hærri fjárveitingar til að jafna aðstöðu barna óháð efnahag foreldra.
- Auka stuðning við börn í viðkvæmri stöðu með markvissu samstarfi skóla, frístundar og borgarmiðstöðva í öllum hverfum.
- Lækka gjöld í leikskólum og frístund hjá fjölskyldum með lágar tekjur og auka samræmi í gjaldtöku milli leikskóla og frístundar. Hjón og sambúðarfólk með lágar tekjur njóti afsláttar af leikskólagjöldum rétt eins og einstæðir foreldrar, öryrkjar og námsmenn.
- Reykjavík var með lægstu leikskólagjöldin af fimmtán stærstu sveitarfélögum landsins á allt síðasta kjörtímabil, samkvæmt könnunum ASÍ, og þannig viljum við hafa það áfram. Frá árinu 2021 hefur Reykjavík veitt 100 prósent systkinaafslátt af leikskólagjöldum.
- Hækka frístundastyrk í 75 þúsund krónur á ári og hækka styrkinn upp í 100 þúsund krónur á ári fyrir börn sem koma af heimilum með lágar tekjur.
- Ónýtt fjármagn frístundastyrks innan hverfa renni í frístundasjóð sem borgarmiðstöð viðkomandi hverfis getur varið til að styðja tekjulágar fjölskyldur við að mæta kostnaði við frístundir barna. Þetta hefur þegar verið gert í Breiðholti og gefið góða raun.
- Styrkir til íþróttafélaga hvíli á þeim forsendum að fylgt sé skýrri jafnréttisáætlun og áætlun um ofbeldisvarnir. Leiða leitað til að félögin bjóði styrki eða komi á annan hátt til móts við fjölskyldur með lágar tekjur s.s. til að standa straum af kaupum á keppnisbúningum, ferðakostnaði og þess háttar.
- Fjölga börnum í tónlistarnámi, sérstaklega í hverfum þar sem þátttaka barna hefur verið hvað minnst. Sérstök áhersla verði lögð á verkefni þar sem gjaldtöku er haldið í lágmarki.
- Skoðaðir verði kostir þess og gallar að leggja af eða draga verulega úr heimanámi í grunnskólum án þess að það komi niður á gæðum námsins. Áfram verði þó lögð áhersla á lestrarþjálfun yngri barna

en heimanámsaðstoð aukin í því efni. Markmið verði að draga úr aðstöðumun barna með hliðsjón af mismunandi baklandi þeirra heima fyrir, stytta vinnudag barna og ungmenna og fjölga samverustundum barnafjölskyldna. Samráð verði haft við fulltrúa kennara, skólastjórnenda, foreldra og nemenda um hugmyndina og útfærslur mögulegra breytinga.

Börn frá 12 mánaða aldri í leikskóla

- Brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með því að byggja nýja leikskóla, stækka starfandi leikskóla og fjölga plássum hjá sjálfstætt starfandi leikskólum. Halda áfram að lækka inntökualdur á leikskólum jafnt og þétt.
- Fjölga leikskólarýmum í borginni um að minnsta kosti 1700. Byrja að taka á móti 12 mánaða börnum í leikskóla haustið 2022 og stefna að því að meðalaldur barna við inntöku lækki úr 19 mánuðum í 13 til 14 mánuði.
- Opnaðir verði allt að 12 nýir leikskólar í borginni á næstu 4 til 5 árum auk stækkunar á starfandi leikskólum með 6 viðbyggingum og nýjum leikskóladeildum. Nýir leikskólar opni í Ármúla, Safamýri, við Kleppsveg, á Kirkjusandi, við Njálsgötu, í Vogabyggð, í Skerjafirði og í Völvufelli. Viðbyggingar rísi við leikskólana Kvistaborg, Hof, Laugasól, Funaborg og Sæborg.
- Tryggja áfram að sem allra flestum börnum á leikskólaaldri bjóðist pláss á leikskóla í sínu hverfi. Yfir 90 prósent leikskólabarna í Reykjavík sækja nú leikskóla í sínu hverfi.
- Fjölgað verði leikskólarýmum fyrir börn hjá sjálfstætt starfandi leikskólum um að minnsta kosti 200 til 250 á kjörtímabilinu.
- Halda áfram að fjölga sérútbúnum ungbarnadeildum á eldri leikskólum sem hæfa börnum frá 12 mánaða aldri varðandi aðstöðu og leikrymi innanhúss og utan. Á liðnu kjörtímabili var 31 ný ungbarnadeild opnuð á leikskólum í Reykjavík.

Betri borg fyrir börn

- Tryggja að stuðningur við börn og barnafjölskyldur miðist við þarfir þeirra en sé ekki háður greiningum. Víðtækt samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um *Betri borg fyrir börn* verði innleitt og eflt í öllum hverfum borgarinnar með nánú samstarfi kennara og annars fagfólks skóla og borgarmiðstöðva með það að markmiði að bæta þjónustu við börn og fjölga úrræðum í nærumhverfi barna.
- Beita snemmtækum stuðningi í auknum mæli í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla til að mæta svo fljótt sem verða má þörfum barna með fjölþættan vanda.
- Stuðningur við nemendur með sérstakar þarfir fari í auknum mæli fram innan skólanna og bæði nemendum og kennurum verði gert auðveldara að leita til sérhæfðs starfsfólks.
- Aukin áhersla verði lögð á að greiða leið barna og fjölskyldna þeirra í gegnum kerfið þegar þau þurfa aukinn stuðning eða heilbrigðisþjónustu í samræmi við ný farsældarlög. Skerpa þarf samstarf og samráð skóla og velferðarþjónustu borgarinnar við heilsugæslu, barnageðdeild og fleiri aðila sem tengjast velferð og heilsu barna.

- Lögð verður áhersla á að ráða fólk úr fleiri fagstéttum í skólana til að auka þverfaglega samvinnu fagfólks og stuðla að því að hægt sé að koma betur til móts við fjölbreytilegar þarfir nemenda.
- Nota í auknum mæli gagnreyndar aðferðir, sem rannsóknir sýna að skila börnum mælanlegum framförum, í stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra.
- Vinna með samstilltum aðgerðum gegn einelti og félagslegri einangrun barna og ungmenna í skólum borgarinnar með því að leggja áherslu á jafningjastuðning og samkennd í nemendahópum.
- Auka samstarf við háskólasamfélagið um rannsóknir á framkvæmd og árangri sérkennslu, stuðnings og skólaþjónustu.
- Skima fyrir vanlíðan barna og þunglyndi og bregðast hratt við þegar niðurstöður liggja fyrir.
- Mæta þörfum fatlaðra barna og barna með raskanir og sérþarfir á þeirra eigin forsendum í námi og frístundum við grunnskólana með auknum námslegum og félagslegum stuðningi.
- Auka formlegt samstarf ríkis, borgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um raunhæfar aðgerðir til að draga úr brotthvarfi barna úr framhaldsskólum og til að minnka hættu á skólaforðun eða skólafærni á öllum skólastigum.
- Borgin leiti samstarfs við ríkið um að fylgja betur eftir og styðja ungmenni á aldrinum 16 til 18 ára, einkum þau sem eru í sérstökum áhættuhópum varðandi félagslega einangrun, áhættuhegðun, skólaforðun og annað þvíumlíkt.

Bætt starfsumhverfi og fjölgun fagfólks í skólum og frístundastarfi

- Borgin taki virkan þátt í samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og háskóla um aðgerðir til að fjölga leikskólakennurum, meðal annars með því að hvetja ungt fólk til að leggja stund á nám í leikskólafræðum, fjölga styttri starfsnámsbrautum í leikskólafræðum, kynna störf á leikskólum sem eftirsóknarverðan starfsvettvang og fjölga sumarstörfum í leikskólum.
- Áfram verði lögð rík áhersla á að bæta kjör og vinnuumhverfi starfsfólks leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva og fjölga fagfólki á öllum þessum starfsstöðvum. Sérstaklega verði unnið að þverfaglegri nálgun og nánara samstarfi mismunandi fagstétta. Lögð verði áhersla á að bæta enn frekar vinnuaðstæður og fjölga tækifærum til starfsþróunar. Unnið verði með fagfélögum starfsfólks og stjórnenda við að útfæra tillögur um aðgerðir í þessu sambandi.
- Jákvæðir hvatar verði nýttir til að styðja við bakið á ófaglærðu starfsfólki leikskóla að afla sér fagmenntunar og hvatt til aukinnar notkunar raunfærnimats til að meta starfsreynslu þess og þekkingu.
- Skoða leiðir í samvinnu við fagfélög og stéttarfélög til að draga úr aðstöðumun kennara og annars starfsfólks í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi varðandi skipulag vinnu, orlof og fleira.
- Tryggja að starfsfólk af erlendum uppruna í skólum borgarinnar geti sótt sér íslenskukennslu sem hluta af starfsþróun á vinnutíma með því að útvega afleysingu fyrir viðkomandi starfsmenn.

Efla geðrækt og heilbrigði barna og ungmenna

- Stóraukin áhersla verði lögð á geðrækt og andlegt heilbrigði barna og ungmenna í skólasamfélaginu samhliða líkamlegu heilbrigði. Leitað verði samstarfs við Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, embætti landlæknis, Geðhjálp og heilbrigðisyfirvöld með það að markmiði að fræða öll börn og ungmenni um mikilvægi geðræktar, stunda virkar forvarnir á þessu sviði og styðja við bakið á börnum sem finna fyrir vanlíðan, kvíða, þunglyndi og alvarlegum geðrænum vanda.
- Stefnt verði að því að allir leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í borginni verði heilsuefli starfsstöðvar með sérstaka áherslu á þætti sem stuðla að andlegri vellíðan, gleði, þrautseigju og trú á eigin getu.
- Auka stuðning við fjölbreytta flóru íþrótta og tómsunda með áherslu á almenningsíþróttir.
- Við endurnýjun leiktækja á skólalóðum verði lögð áhersla á að koma fyrir tækjum og skapa aðstöðu sem ýtir undir fjölbreytta hreyfingu fyrir börn á öllum aldri.
- Kynfræðsla og vitundarvakning um kynheilbrigði og hinsegin fræðsla verði innleidd í öllum grunnskólum borgarinnar með samstarfi Jafnréttisskólans, skólahjúkrunarfræðinga og skólaþjónustu. Forvarnateymi vegna kynbundins og kynferðislegt ofbeldis verði stofnuð í öllum grunnskólum með aðkomu starfsfólks frístundar.
- Lögð verði áhersla á mikilvægi svefns fyrir börn og ungmenni, leiðbeinandi viðmið gefin út varðandi rafrænan skjátíma barna og stigin skref í þá átt að seinka byrjun skóladags á unglíngastigi grunnskóla.
- Tilraunaverkefni með sálfræðinga í skólum verði hafið í 3 til 5 skólum borgarinnar þar sem sálfræðingur hefur starfsstöð í skólanum til að bæta aðgengi nemenda að sálfræðiþjónustu. Sérstök áhersla verði lögð á ráðgjöf og hóptíma fyrir ungmenni.

Markviss innleiðing nýrrar menntastefnu

- Ný menntastefna Reykjavíkur verði áfram leiðarljós borgarinnar í menntamálum með áherslu á fimm hæfnipætti barna sem verði í sérstökum forgangi: félagsfærni, sjálfseflingu, heilbrigði, sköpun og læsi.
- Lögð verði áhersla á að valdefla nemendur og auka áhrif þeirra á eigið nám, innihald þess og skipulag.
- Tryggt verði aukið fjármagn til skólaþróunar þar sem allir leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar fá fjármagn til að vinna fjölbreytt þróunarverkefni sem styðja innleiðingu menntastefnunnar.
- Efnt verður til vitundarvakningar um loftslagsmál í öllum grunnskólum í samstarfi við einkaaðila, frjáls félagasamtök og borgarstofnanir með það að markmiði að virkja nemendur og kennara til aðgerða við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Stafræn tækni og gagnvirk leikjaumhverfi verði hagnýtt til að kveikja áhuga barna og ungmenna á loftslagsmálum og hvetja þau til að virkrar þátttöku í stærsta úrlausnarefni heimsbyggðarinnar.
- Aukin áhersla verði lögð á náttúruvísindi og raungreinar og aukið samstarf skóla við stofnanir og fyrirtæki á sviði umhverfismála, náttúruvísinda og orkumála. Sérstaklega verði leitað eftir samstarfi við háskóla um að þróa leiðir til að fjölga kennaranemum sem sérhæfa sig í þessum greinum. Stutt verði markviss við starfsþróun kennara í raungreinum.
- Fjölga valkostum á sviði verk- og tæknináms á unglíngastigi grunnskóla samhliða aukinni kynningu á framhaldsnámi í þeim greinum í samstarfi við atvinnulífið.

- Styðja börn, foreldra og skóla í að takast á við stafrænan veruleika og fjórðu iðnbýltinguna.

Kennarar metnir að verðleikum

- Bæta kjör og starfsaðstæður kennara í leik- og grunnskólum.
- Kynna störf kennara í leik- og grunnskólum sem samfélagslega mikilvæg störf sem meta eigi að verðleikum. Efnt verði til samstarfs við fagfélög kennara um frekari aðgerðir til að bæta vinnuumhverfi kennara og auka virðingu fyrir kennarastéttinni.
- Auka sjálfstæði og sveigjanleika kennara í starfi, minnka álag og fækka verkefnum með það að markmiði að kennarar geti einbeitt sér í meira mæli að kennslu og undirbúningi hennar.
- Beita sér fyrir breyttum áherslum í kennaranámi og efla starfsþróun til að búa kennara betur undir kennslu á vettvangi, svo sem kennslu barna með annað móðurmál en íslensku, fatlaðra barna, barna með raskanir eða sérstakar þarfir og barna með hegðunarvanda.

Aukinn stuðningur við börn með annað móðurmál en íslensku

- Auka framlög til íslenskukennslu fyrir börn með annað móðurmál en íslensku og tryggja að fjármagnið nýtist með markvissum hætti til að styrkja námslega og félagslega stöðu viðkomandi barna. Gætt verði að því að fjölgun barna með annað móðurmál en íslensku skerði ekki þjónustu þeirra barna sem fyrir eru.
- Sérstök áhersla verði lögð á að byggja upp orðaforða í íslensku meðal barna með annað móðurmál en íslensku strax í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla.
- Efla móðurmálskennslu barna sem hafa annað móðurmál en íslensku og fjölga brúarsmiðum sem styðja með fjölbreyttum hætti við bakið á börnum og foreldrum þeirra.
- Auka samstarf við samtökin Móðurmál og tryggja með auknum stuðningi borgarinnar að sú móðurmálskennsla sem þar er í boði sé gjaldfrjálsl fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Stuðningur borgarinnar við þessa mikilvægu starfsemi verði aukinn, svo sem varðandi bókakost, námsgögn og námskrárgerð.
- Auka stuðning við bókakost skólasafna á öðrum tungumálum en íslensku.
- Stuðla að auknu samstarfi heimila og skóla með markvissri upplýsingagjöf og samstarfi fagfólks skólanna við foreldra allra barna með annað móðurmál en íslensku.
- Hugað verði sérstaklega að því að byggja upp og rækta félagsleg tengsl, vináttu og félagsfærni barna með annað móðurmál en íslensku í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.
- Auka fjárframlög til leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila þar sem hlutfall barna með annað móðurmál en íslensku er hátt.
- Hvetja starfsfólk með annað móðurmál en íslensku til menntunar og framgangs innan skólakerfisins.
- Fjölga fagfólki með annað móðurmál en íslensku, sem getur veitt börnum og ungmennum með sama móðurmál stuðning við hæfi.
- Reykjavíkurborg beiti sér fyrir bættri menntun fagfólks í fjölmennigarlegum kennsluháttum.

- Auka hlutfall fagmenntaðra starfsmanna af erlendum uppruna með fjölbreyttan bakgrunn og þekkingu á uppruna og menningu barna og fjölskyldna þeirra.

Efla lestrarfærni og lesskilning

- Skapa kennurum aðstæður og stuðning til að efla lestrarfærni og lesskilning allra barna með það að markmiði að þau geti lesið sér til gagns og gamans.
- Vinna að því með markvissum aðferðum að allur þorri barna sé orðinn læs fyrir lok 2. bekkjar grunnskóla. Taka upp almennt mat á lestrarfærni við upphaf 1. bekkjar grunnskóla og beita gagnreyndum aðferðum til að bæta markvisst stöðu þeirra barna sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í lestri.
- Leggja áherslu á að finna snemma þau börn í leikskólum og grunnskólum sem þurfa sérstakan stuðning við málþroska, orðaforða og lestrarfærni. Styrkja stöðu þeirra og huga sérstaklega að börnum með annað móðurmál en íslensku.
- Halda áfram að styrkja stöðu skólasafna sem menningar- og upplýsingamiðstöðva í skólum borgarinnar, auka fjármagn þeirra til bókakaupa og efla enn frekar samstarf við bókaútgefendur um að vekja áhuga barna á nýjum íslenskum barna- og unglingabókum og efla bókakost leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila.
- Nýta frístund til að styðja við vinnu kennara með lestrarfærni og lesskilning, til dæmis í gegnum leik, tónlist og annað listnám með því að virkja fjölbreyttan hóp starfsfólks undir leiðsögn tólmstunda- og félagsmálafræðinga.
- Auka samstarf við foreldra um lestrarþjálfun barna með sérstakri áherslu á leiðir til að auka og viðhalda áhuga barna á lestri. Sérstök áhersla verði lögð á stuðning við foreldra varðandi lestrarþjálfun á sumrin og um helgar, meðal annars með hagnýtingu stafrænnar tækni og leikja sem kveikja áhuga barna.

Fjölbreyttur og næringarríkur matur í skólunum

- Tryggja börnum í skólum bragðgóðan, næringarríkan og fjölbreyttan mat þar sem framleiðsla, meðhöndlun og neysla gengur ekki gegn náttúrunni, í samræmi við nýja matarstefnu Reykjavíkurborgar.
- Auka til muna framboð grænmetisréttar og veganfæðis sem uppfyllir kröfur um góða og næringarríka máltíð fyrir þá sem vilja í skólum borgarinnar.
- Boðið verði upp á námskeið og þjálfun fyrir matreiðslufólk í gerð grænmetisréttar, aðferðum til að draga úr matarsóun, nýtingu hráefnis og næringarráðgjöf.
- Fjölgað verði verkefnum þar sem leikskólar og grunnskólar fá stuðning við að rækta grænmeti á skólalóðum.

25 til 30 milljarðar í viðhald skólahúsnæðis

- Auka fjármagn til viðhalds og endurbóta skóla- og frístundahúsnæðis í 25 til 30 milljarða á næstu 5 til 7 árum. Forgangsröðun viðhaldsframkvæmda verði unnin og birt opinberlega með tímasettum áætlunum. Að framkvæmdum loknum verða þær teknar út af óháðum aðilum.
- Viðbyggingar verði reistar við eldri grunnskóla þar sem þörf fyrir viðbótarhúsnæði er hvað mest. Byggt verður á vinnu við forgangsröðun viðhaldsframkvæmda þar sem tekið verður ríkt tillit til félagslegra aðstæðna í hverfum.
- Byggt verði á nýrri stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf, sem tekur mið af nýrri menntastefnu borgarinnar og *Græna planinu*.
- Við nýbyggingar og endurbætur skólamannvirkja verði þess gætt að eiga samráð við stjórnendur, kennara og annað starfsfólk um hönnun sem hæfir nútímalegum áherslum í skólastarfi, þar með talið teymiskennslu og leiðsagnarnámi.

Aukið aðgengi barna að tónlistarnámi

- Auka aðgengi barna og ungmenna að tónlistarnámi með því að fjölga þeim börnum sem leggja stund á tónlistarnám.
- Leggja sérstaka áherslu á aukið aðgengi barna í hverfum þar sem þátttaka barna hefur verið undir meðallagi.
- Stofna hverfakóra og leita leiða til að fjölga tækifærum barna til að taka þátt í fjölbreyttu starfi skólahljómsveita.
- Fjölga tækifærum barna til að sækja tónlistarnám á skólatíma og sem hluta af hefðbundnum skóladegi með auknu samstarfi grunnskóla og tónlistarskóla.
- Bjóða upp á menningu og listir í frístundastarfi til að auka aðgengi barna og ungmenna að menningu og listum og styðja við þjálfun í málþroska og lestrarfærni.

Meira vægi list- og verknáms

- Auka hlut list- og verknáms í daglegu starfi leik- og grunnskólabarna, þar með talið nýsköpunarnáms.
- Fjölga tækifærum barna til að stunda gjaldfrjálst listnám á samfelldum skóla- og frístundadegi.
- Efla samstarf skóla við menningarstofnanir og listamenn.
- Auka náms- og starfsráðgjöf á mið- og unglíngastigi grunnskóla.
- Efla kynningu margvíslegra iðn- og verkgreina í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir.
- Kanna möguleika á því að koma á fót fjölsmiðjum fyrir börn og ungmenni á miðstigi og unglíngastigi grunnskóla sem geta virkjað áhuga og hæfni þeirra á sviði list- og verknáms með fjölbreyttum viðfangsefnum.

Öflugt foreldrasamstarf

- Þjóða upp á fræðslu til skóla um mikilvægi foreldrasamstarfs, hvernig megi auka aðkomu og ábyrgð foreldra á námi barna sinna með það í huga að gott samstarf er forsenda fyrir árangursríku skólasterfi.
- Styrkja og efla skólastjórnendur og kennara í því að vinna að góðu og farsælu foreldrasamstarfi.
- Borgin gefi út skýra stefnu er varðar foreldrasamstarf í skólum, með leiðbeiningum til foreldra um hvernig megi sækja fræðslu og virkja foreldra til þátttöku í skólasamfélaginu.
- Styðja við foreldrafélög í leik- og grunnskólum í Reykjavík með aukinni fræðslu í skólum, þar með talið um fjölmenningu og mismunandi bakgrunn foreldra.
- Vekja athygli á því sem vel er gert og veita verðlaun fyrir framúrskarandi foreldrasamstarf í skólum.
- Efla samstarf við Heimili og skóla og SAMFOK – Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík. Þjóða upp á námskeið til að efla samstarf skóla og foreldrafélaga í skólum í Reykjavík.
- Hvetja foreldra með annað móðurmál en íslensku til að sækja íslenskunámskeið og tryggja að öll fái skýrar upplýsingar og leiðbeiningar um þátttöku.

Aukin gæði og öryggi dagforeldraþjónustu

- Auka gæði og öryggi í dagforeldrakerfinu til að stuðla enn frekar að því að þjónustan sé raunhæfur valkostur fyrir fjölskyldur með ung börn.
- Beita sérstökum hvötum til að fleiri dagforeldrar starfi saman í pörum. Það eykur öryggi barnanna og ýtir undir stöðugleika og fjölbreytni í starfinu.
- Auka fræðslu og ráðgjöf til dagforeldra og þjóða stuðning, til dæmis í formi námskeiða, fræðslu og námsstyrkja.
- Beita jákvæðum hvötum til að fjölga dagforeldrum, svo sem stofnstyrkjum og hærri niðurgreiðslum til foreldra sem eru með börn hjá dagforeldrum.

Faglegt og fjölbreytt frístundastarf

- Frístundastarf og uppbygging þess síðustu ár er einn af framúrskarandi þáttum í starfi Reykjavíkurborgar með börnum.
- Styrkleikar frístundastarfsins verði nýttir til að bæta líðan barna og ungmenna, efla félagsfærni þeirra og virkni með sérstakri áherslu á börn sem ekki taka þátt í formlegu íþróttá- og tómsundastarfi. Aukinn gaumur verði gefinn að fjölbreyttri sköpun barna og ungmenna í víðu samhengi sem öflugt mótvægi við hvers kyns áhættuhegðun.
- Mótuð verði áætlun um fjölgun fagmenntaðs starfsfólks í fullu starfi í frístundaheimilum allt árið.
- Auka samstarf skóla, frístundamiðstöðva og íþróttafélaga með það að markmiði að stytta starfsdag barna og ungmenna og frístundastarfið fari sem mest fram í nærumhverfi barnanna.
- Nýta styrkleika frístundar til að þróa ný og fjölbreytt sumarstörf fyrir unglunga í 8. til 10. bekk.
- Lögð verði áhersla á fjölbreytt viðfangsefni í sumarfrístund í nærumhverfinu.
- Leitað verði leiða til að koma á fót aðstöðu í borgarhlutum fyrir félagsstarf 16 til 18 ára ungmenna að norrænni fyrirmynd.

VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDAMÁL

Öll eigum við að geta fundið okkur stað í Reykjavík og skapað þar eitt samfélag. Við eigum borgina öll saman. Öll þjónusta borgarinnar á að stuðla að því að við upplifum okkur tilheyra sama samfélagi, að auknu trausti og samkennd, því að samfélag er best ef allir fá að njóta sín – en tvískipt samfélag er ógn við öryggi og farsæld.

Það er okkar stefna að í Reykjavík sé veitt velferðarþjónusta sem stuðlar að góðri líðan íbúa og að við upplifum að Reykjavík sé fyrir okkur öll. Til að svo megi verða er mikilvægt að borgin haldi áfram á réttri braut undir stjórn jafnaðarfólks. Við höfum mannréttindi í fyrirrúmi og höfum það alltaf að markmiði að auka jöfnuð og farsæld allra borgarbúa. Borgin á að veita aðgengilega, fjölbreytta og góða þjónustu í samráði við notendur sem byggir á virðingu og menningarnæmni. Samráð við hagsmunaaðila og notendur á að vera markvisst á öllum sviðum.

Þar sem þjónusta ríkisins og sveitarfélaganna skarast þarf að eyða gráum svæðum, tryggja að nægir tekjustofnar fylgi verkefnum, bæta samskipti og innleiða beina samninga um þjónustu og kostnaðardreifingu.

Aðgengileg þjónusta og velferðartækni

- Vinna að því að borgarbúar geti sótt allar nauðsynlegar upplýsingar um þjónustu borgarinnar á einum stað. Íbúar eiga undantekningarlaust að geta sótt um þjónustu á vefnum, sem á að vera fyrsti viðkomustaður allrar þjónustu.
- Útbúa stafrænt þjónustukort sem sýnir hlutverk borgarinnar í velferðarþjónustu og byggja brýr yfir í þjónustu annarra.
- Tryggja að fólk sem ekki getur notað snjalltæki fái aðstoð við umsóknir með öðru móti.
- Allar upplýsingar á vegum borgarinnar verði á auðlesnu máli, svo sem bréf frá Reykjavíkurborg og upplýsingar á netinu.
- Vefir Reykjavíkurborgar eiga að vera aðgengilegir samkvæmt hugmyndum um algilda hönnun.
- Táknmáls- eða rittúlkun sé í boði þegar þess óskað eða þörf reynist fyrir, svo sem þegar haldnir eru opnir fundir á vegum Reykjavíkurborgar og við ýmsa þjónustu.
- Allt húsnæði þar sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu á að vera aðgengilegt öllum.
- Fólk með ólíka færni fái aðstoð eftir þörfum til að sækja um styrki á vegum borgarinnar og stuðning til þess að framkvæma hugmyndir sínar.
- Auka nýtingu á tækninýjungum til að bæta þjónustu við þá sem þurfa. Innleiða nýjar tæknilausnir til notkunar í velferðarþjónustu sem hluta af snjallborgarverkefni borgarinnar svo að þjónustan nýtist sem flestum borgarbúum.

Reykjavík á að vera góður vinnustaður

- Reykjavík á að vera góður vinnustaður sem endurspeglar það margbreytilega samfélag sem borgin okkar er.
- Skapa fleiri hlutastörf og störf fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu.
- Þjóða öllum starfsmönnum símenntun, ekki síst þeim sem eru ekki með fagmenntun og þeim sem vinna með fötluðum og öldruðum.
- Þjóða starfsfólki Reykjavíkurborgar sem er með annað móðurmál en íslensku upp á íslenskukennslu.
- Stuðla að því að fólk finni jafnvægi á milli vinnu og einkalífs, svo sem með styttingu vinnuviku og auknum sveigjanleika. Hafa ber í huga að það geta ekki öll unnið heima og það getur aukið misskiptingu.

Lýðheilsa

- Heilsa og líðan íbúa verði með skipulegum hætti í fyrirrúmi í allri stefnumótun á öllum sviðum.
- Það er mikilvægt að efla heilsu og auka vellíðan allra borgarbúa og huga sérstaklega að þörfum fatlaðs fólks og íbúa sem glíma við heilsubrest. Bæta þarf bæði manngert og félagslegt umhverfi allra íbúa til að stuðla að jöfnuði og ganga úr skugga um að enginn sé skilinn eftir.
- Við viljum innleiða nýja Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar hratt og vel.
- Reykjavík er heilsueflandi samfélag í samstarfi við WHO við viljum halda áfram á þeirri braut og skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.
- Bæta aðstöðu í borgarrýminu til heilsueflingar utandyra og huga þar að fjölbreyttum þörfum.
- Byggjum upp fjölskylduleikvelli þar sem allar kynslóðir geta tekið þátt.
- Hugla að aðgengi eldri borgara í borgarlandinu. Koma fyrir fleiri bekkjum á göngustígum sem eru auðkenndir með einhverjum hætti svo hægt sé að tilgreina hvar bekkurinn er staðsettur.

Einsemd

- Vinna markvisst gegn einangrun í borginni. Einsemd er eitt brýnasta úrlausnarefnið í samfélagi nútímans og snertir fólk í öllum lögum þess, þar á meðal aldraða, ungt fólk, einstæða foreldra, innflytjendur og öryrkja.
- Finna leiðir til að efla samstarf við félagasamtök sem vinna gegn einangrun á breiðum grundvelli.
- Koma á skilvirku kerfi vinfjölskyldna á vettvangi hverfa- og þjónustumiðstöðva til stuðnings fólki sem er hætt við einangrun eða finnur til einsemdar.
- Þróa möguleika á sjálfboðastörfum í borginni sem gætu hentað eldri borgurum, fólki sem er að byrja að fóta sig í samfélaginu að nýju eftir áföll eða neyslu og er ekki reiðubúið að fara út á vinnumarkað eða flóttafólki.

Betri borg fyrir börn

- Byggja áfram á verkefninu *Betri borg fyrir börn* sem felur í sér stóraukið samstarf velferðarsviðs borgarinnar og skóla- og frístundasviðs. Sjá kafla um menntamál.

Farsæld barna

- Bjóða börnum kost á fjölbreyttum námskeiðum sem styrkja sjálfsmynd þeirra og valdefla þau.
- Bjóða íþróttir fyrir 13 til 18 ára sem ekki stefna á afreksferil en vilja æfa íþróttir.
- Kynna frístundastyrki sérstaklega fyrir 16 til 18 ára og tryggja fjölbreytt framboð frístunda fyrir börn á þeim aldri.
- Efla þverfaglega teymisvinnu til að styðja við börn og fjölskyldur þeirra. Skýra verkferla og hlutverk skóla, frístunda, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, barnaverndar og úrræða barnaverndarstofu. Efla samstarf á milli aðila með hag barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.
- Efla Hitt húsið í vinnu með börnum sem upplifa jaðarsetningu.
- Gera átak til að fræða foreldra, starfsfólk skóla, heilsugæslu og velferðarþjónustu um einkenni skólaforðunar eða skólafælni, áhrif, forvarnir og snemmtæka íhlutun.
- Velferðar- og skólaþjónusta fylgi barni á milli skólastiga. Vinna að því með framhaldsskólum að þar starfi líka þjónustuteymi sem styðji áfram nemendur.
- Það eru vísbendingar um að vanlíðan barna og ungmenna sé að aukast í kjölfar covid og því ætlum við að efla markvissa vinnu gegn kvíða barna og ungmenna í grunnskólum og bjóða þeim stuðning sem greinast með einkenni kvíða og þunglyndis.
- Efla þarf barnaverndarþjónustu og tengja vel annarri velferðarþjónustu. Við viljum opna nýtt úrræði sem vinnur markvisst með börn og fjölskyldur í vanda. Einnig þarf að tengja betur á milli úrræða, til að mynda fjölkerfameðferð (MST) á vegum Barnaverndarstofu og aðlögunar í nærumhverfi eftir það. Stuðlað verði að því að Barnaverndarstofa opni fleiri meðferðarúrræði fyrir börn.
- Við viljum efla samstarfsverkefni lögreglu, þjónustumiðstöðva og frístundamiðstöðva í hverfum eftir þörfum. Þjónustumiðstöð hafi samband við foreldra barna sem lögregla hefur haft afskipti af og bjóði stuðningsviðtal, heima hjá fjölskyldunni og barninu.
- Heilsueflingar- og forvarnastarf þarf að þróast með samfélaginu. Það verður að takast markvisst á við áskoranir hverju sinni.
- Auka stuðning við fjölskyldur í vanda og bjóða fjölskyldumeðferð. Efla aðstoð við börn með raskanir eða fatlanir og fjölskyldur þeirra. Hlúa sérstaklega að börnum með annað móðurmál en íslensku og hvetja til virkni í skóla- og frístundastarfi.
- Við leggjum áherslu á að sértöku teymi verði komið á fót til að vinna með flóttabörnum og ungmennum í samráði við ríkið og frjáls félagasamtök.

Borg þar sem ekkert okkar er skilið eftir

Fátækt er brot á mannréttindum og afsprengi pólitískra ákvarðana. Stuðningur við fátækt fólk skilar mestum árangri þegar hann hvetur til virkni og samfélagslegrar þátttöku og grundvallast á notendasamráði, valdeflingu og virðingu. Stéttaskipting og ójöfnuður leiðir af sér heilsufarsvanda og félagslega útskúfun. Við megum aldrei sætta okkur við að fólk lifi við sára fátækt eða sé jaðarsett.

- Auka stuðning við fólk sem býr eitt eða á heimilum einstæðra foreldra. Þetta er sá hópur fólks sem líklegast er að búi við fátækt. Við viljum jafna stöðu fólks sem á börn og þeirra sem eiga ekki börn.
- Efla Reykjavík okkar allra þar sem gott er að njóta afþreyingar án mikilla fjárútláta og efla hringrásarhagkerfið þannig að hlutir nýtist betur, því að það er betra fyrir okkur öll.
- Gæta þess að börn séu aldrei að lenda í skömm fyrir frammistöðu foreldra, hvort sem það tengist heimanámi eða mætingu í skóla eða öðru. Barn á alltaf að eiga rétt á þjónustu.

Virknir

- Nýstofnað Virknihúsi þarf að þróa áfram. Þar getur fólk farið margþættar leiðir í endurhæfingu til aukinnar virkni og þátttöku á vinnumarkaði. Markmiðið er að bæta lífsgæði og auka tækifæri fólks með áherslu á sjálfsstyrkingu, nám og bata.
- Virknihús á að tengja úrræðum eins og Ellu og áfangahúsnæði svo við getum verið með eitt utanumhald um heildstæða þjónustu. Úrræðin eru mörg og þurfa að vera í stöðugri endurskoðun.
- Við viljum styrkja þá vinnu og þróa áfram fleiri leiðir fyrir fólk í langtíma atvinnuleysi.

Fjárhagsaðstoð

- Fjárhagsaðstoð til framfærslu er neyðaraðstoð og mæta þarf fólki sem óskar eftir henni með vinsemi og virðingu. Höfuðmarkmiðið á ávallt að vera valdefling einstaklingsins og fjölskyldunnar.
- Fjárhagsaðstoð þarf einnig að miða að því að koma fólki sem hana þiggur úr erfiðum aðstæðum sínum. Að aðstoða fólk við að finna starf við hæfi og virknimiðlun eru leiðir til þess.
- Endurskoða ætti þann þátt fjárhagsaðstoðar sem viðkemur tekjum maka og tengingu við fjárhagsaðstoð. Mikilvægt er að einstaklingar haldi sínu sjálfstæði og virðingu en verði ekki algjörlega háð maka sínum um framfærslu.
- Við höfum tryggt að börn fólks sem þiggur fjárhagsaðstoð fái hádegismat í skóla og geti verið í leikskóla og frístund án greiðslu. Við viljum halda áfram að þróa þessa aðstoð þannig að hún nýtist börnum á víðtækari hátt. Börn eiga ekki að líða fyrir það að foreldri sé tímabundið á neyðaraðstoð. Við viljum halda áfram á þessari leið og trappa út stuðninginn smám saman en ekki hætta þrátt fyrir að annað foreldri fái vinnu.
- Við viljum þróa fjárhagsaðstoð áfram þannig að hún taki betur mið af þörfum fólks sem þarf stuðning. Enginn á að vera lengi á fjárhagsaðstoð.

- Hækka þarf húsnæðisstyrk og útfararstyrk og leggja af afturvirkar launatengingar.
- Við viljum skoða að setja hærri mörk á makatengingu fjárhagsaðstoðar og hvort tryggja eigi öllum einhverja framfærslu.

Húsnæðisöryggi

- Fólki á biðlista eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði hefur fækkað jafnt og þétt frá því í janúar 2019 þegar 901 einstaklingur var á bið. Vorið 2021 fór biðlistinn í 457 einstaklinga. Enn eru of mörg á biðlista eftir félagslegu húsnæði en við viljum halda áfram á sömu braut um leið og við stuðlum að markvissri uppbyggingu húsnæðis fyrir tekjulægri heimili, stúdenta, eldri borgara og svo framvegis.
- Fólki á ekki að þurfa að bíða eftir félagslegu húsnæði lengur en 3 mánuði í Reykjavík.
- Fjölga verður aðgengilegum félagslegum íbúðum og leiguhúsnæði í takt við þörf og af sama þrótti og gert var á liðnum árum þannig að það verði valkostur fyrir tekjulægstu íbúa borgarinnar.
- Auka áfram framboð á leiguhúsnæði sem rekið er án hagnaðarsjónarmiða. Við viljum þróa áfangahúsnæði fyrir fólk sem þarf stuðning til að halda heimili.
- Húsnæðisbætur þarf að þróa þannig að þær gagnist þeim sem þurfa þær.

Skaðaminnkun og málefni heimilislausra

- Heimilislaust fólk með miklar og flóknar þjónustubarfir eru einstaklingar sem glíma við margþættan vanda (vímuefna- og/eða geðrænan vanda, þroskafrávik og/eða mikil áföll í lífinu) og búa við lengri eða skemmri óstöðugleika í búsetu og þarfnast margháttads stuðnings. Þau þarfnast sérhæfðar lágþroskuldaþjónustu- og búsetuúrræða sem felst í að fjarlægja hindranir í þeim tilgangi að auðvelda einstaklingi að nýta sér þjónustuna. Við höfum á liðnu kjörtímabili staðið að margvíslegri uppbyggingu á þeirri þjónustu og viljum halda áfram á þeirri braut. Áhersla er lögð á skaðaminnkandi nálgun og hugmyndafræði um „húsnæði fyrst“ (e. housing first).
- Húsnæði er grunnþörf og aðeins þegar þessari grunnþörf er mætt getur einstaklingurinn ráðið við aðrar áskoranir í lífi sínu. Við viljum tryggja að neyðarskýli sé notað í neyð og að búsetukostum verði fjölgað. Neyðarskýli á ekki að vera endastöð heldur neyðarúrræði á meðan þarfagreining fyrir nýtt upphaf fer fram. Meðal búsetukosta má nefna herbergi til leigu með stuðningi, áfangaheimili og „húsnæði fyrst“.
- Heimilislausar konur eru sérstaklega berskjaldaður hópur. Þær þurfa skjól og öryggi þar sem þeim er mætt á þeirra eigin forsendum. Við ætlum að opna tvö ný úrræði fyrir konur, eitt fyrir konur sem nota vímuefni og annað fyrir konur í bata.
- Við höfum þegar opnað neyslurými í Reykjavík í samvinnu við Rauða krossinn. Á næsta kjörtímabili viljum við meta árangur af því starfi, þróa starfið áfram út frá því mati og útvíkka þjónustuna. Í dag er neyslurýmið aðeins opið yfir daginn á virkum dögum en þeir sem glíma við vímuefnavanda gera það allan sólarhringinn.

- Jaðarsettir hópar þurfa á dagþjónustu að halda sem miðað er að því að virkja þá til betra lífs auk þess sem veita þarf aukið og sértækt aðgengi þeirra að heilbrigðisþjónustu. Með öðrum orðum þarf þjónustan að koma til þeirra.
- Styrkja vettvangs- og ráðgjafateymið (VOR) til að það geti veitt aukinn og sértækari stuðning. Við ættum að taka frændur okkar Finna til fyrirmyndar og fjölga starfsfólki á jafningjagrundvelli, það er að segja fólki sem hefur verið í sömu sporum en náð bata. Það eykur traust og trúnað á milli skjólstæðinga og starfsmanna borgarinnar.
- Stuðla að því að opnuð verði Fjölsmiðja í Reykjavík fyrir fólk sem glímur við vímuefnavanda eða er heimilislaut. Með aukinni færni má auka sjálfstraust og fjölga möguleikum fólks í lífinu.
- Tryggja nægilegt pláss á áfangahéimilum.
- Fjölga tækifærum til samfélagsþjónustu fyrir unga afbrotamenn. Reykjavík ætti að vera leiðandi í því starfi enda skilar slíkt sér í minnkandi glæpatíðni í borginni.
- Þróa samstarf við Fangelsismálastofnun um félagsráðgjöf og stuðning við fólk í fangelsum og sértækan stuðning þegar afplánun lýkur. Borgin ætti að vera leiðandi í því starfi að leiðbeina fyrrum föngum í átt til atvinnu og menntunar.

Borg þar sem fatlað fólk nýtur sjálfstæðs lífs

Við viljum vinna eftir hugmyndum um algilda hönnun í allri þjónustu borgarinnar og öllu manngerðu umhverfi. Í borginni okkar býr allskonar fólk og við erum þar öll jafn rétt há og mikilvægt að komið sé til móts við fjölbreyttan hóp fólks með ólíka færni. Fatlað fólk er allskonar og þarf einstaklingsmiðaða þjónustu sem hentar hverjum og einum. Undir forystu jafnaðarfólks var reglum um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk breytt þannig að þær taka mið af samvinnu og samtali við notendur þegar þjónuþörf er metin í stað staðlaðri vinnubragða áður. Engin tvö eru eins. Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf er lögð til grundvallar þjónustu Reykjavíkurborgar við fatlað fólk á heimilum sínum.

- Auka samráð við fatlað fólk, aðskilja aðgengis- og samráðsnefnd í tvær nefndir til að styrkja hlut þess að ákvörðunum sem varða þjónustu við fatlaða.
- Við viljum koma á fót menningar- og heilsukorti öryrkja í Reykjavík sem veiti gjaldfrjálsan aðgang að bókasöfnum og öðrum söfnum á vegum borgarinnar, sem og í sundlaugum.
- Fatlað fólk fái boð um heilsueflandi heimsókn þar sem kortið er kynnt og sýnt hvað er í boði í nærumhverfinu sem tengist kortinu.
- Fjölga tækifærum til heilsueflingar og leiksvæðum sem taka tillit til aðgengisþarfa eldri borgara og fatlaðs fólks. Við eigum öll að gera leikið okkur í Reykjavík
- Ungir langveikir fatlaðir einstaklingar geta orðið mjög félagslega einangraðir. Rjúfa þarf þessa einangrun eins og hægt er, til dæmis með menningartengdum viðburðum og skemmtun fyrir langveika og fatlaða einstaklinga í menningarborginni okkar.
- Við styðjum lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Draga úr undanþágum frá aðgengisreglum þegar nýtt húsnæði er byggt og við endurnýjun á eldra húsnæði. Reykjavíkurborg þarf að halda áfram að sýna gott fordæmi og hlusta á gagnrýni frá hagsmunafélögum fatlaðs fólks.

Burt með biðlista eftir að fá að taka þátt í samfélaginu

- Nýjar reglur Reykjavíkur um stuðningsþjónustu byggja á samráði við notendur og því að fólk viti sjálft best hvaða stuðning það vantar. Það þarf að tryggja að fólk fái þessa lögbundnu þjónustu án biðar. Samfylkingin ætlar að fjármagna stoð- og stuðningsþjónustu að fullu með því að gera þennan hluta að bundnum lið í fjárhagsáætlun.
- Fatlað fólk á rétt á að hafa val um þá þjónustu sem því hentar. Þjónustan á að vera valdeflandi og á forsendum þess sem fær þjónustuna.
- Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) á að vera raunverulegur valkostur. Ríkið þarf að koma inn í fjármögnun þjónustunnar.
- Við viljum tryggja fjölbreytt og skapandi starf í dagþjónustu fatlaðs fólks og stuðla þannig að því að auka sjálfstæði og trú hvers og eins á eigin getu.

Vinna er velferð

- Nauðsynlegt er að koma á fót fjölbreyttum atvinnutækifærum fyrir fólk með skerta starfsorku. Fjölga þarf hlutastörfum og störfum með sveigjanlega vinnutíma til að koma til móts við fatlaða og langveika einstaklinga. Stuðla verður að því að til verði fjölbreytt störf fyrir fólk með ólíkar þarfir bæði hjá borginni en líka á almennum markaði. Við viljum virða óskir og langanir fólks og styðja þau áfram í að láta drauma sína rætast.
- Leggja áherslu á að bjóða fötluðu fólki störf hjá borginni og tryggja viðeigandi aðlögun í starfi.
- Reykjavík ætti að hvetja í starfsauglýsingum sínum fatlað fólk eða fólk með skerta starfsgetu að sækja um þegar við auglýsum störf sem gætu hentað þeim hópum. Fordæmi hefur gefist þegar fólk af einu kyni eða af öllum kynjum er hvatt til að sækja um starf í geirum sem hallar sérstaklega á eitt kyn.

Betri samgöngur fyrir fatlað fólk

- Ferðaþjónusta fatlaðra á að vera örugg og góð án takmarkana á ferðafjölda.
- Allar almenningssamgöngur eiga að vera aðgengilegar þannig að þær nýtist hreyfihömluðu fólki sem notar hjólastól eða göngu grind.
- Bjóða upp á strætóþjálfa fyrir þau sem þurfa stuðning til að byrja að nota Strætó.
- Halda þarf áfram samtali við hagsmunafélög fatlaðs fólks í þróun nýrra samgöngukerfa. Mjög mikilvægt er, og mun einfaldara, að hanna þau í upphafi þannig að allir geti nýtt sér þau frekar en að fara í kostnaðarsamar endurbætur.
- Borgin er okkar allra og fyrir þau sem ekki geta nýtt almenningssamgöngur er mikilvægt að fá fleiri bílastæði fyrir rétthafa fólks með P-merki og aukinn aðgang fyrir það fólk að miðbænum.
- Það eru margir í Reykjavík, bæði fatlað fólk og eldri borgarar, sem njóta þess að fara niður í miðborg Reykjavíkur en hafa ekki mikla göngugetu. Reykjavík þarf að stuðla að því að gott aðgengi sé að leigubílum.

Húsnæði fyrir fatlað fólk

- Fyrsta heildstæða uppbyggingaráætlun borgarinnar í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk var samþykkt í velferðarráði vorið 2017 í kjölfar ítarlegrar þarfagreiningar. Nú er í gangi ný þarfagreining og við viljum á grundvelli hennar samþykkja nýja uppbyggingaráætlun sem mætir biðlistanum á markvissan hátt.
- Byggja upp félagslega húsnæðiskosti þar sem komið er til móts við þarfir og óskir fatlaðs fólks, hvort sem óskin er íbúðakjarni eða sérþýli.
- Jafnaðarmenn sjá húsnæði sem mannréttindi. Fatlað fólk þarf líka að eiga heimili og það jafnvel yngra en fólk sem ekki er fatlað.
- Leggja áherslu á að ungt fatlað fólk fái skýr fyrirheit um hvenær það má búast við að fá viðeigandi húsnæði. Tekjuhærra fatlað fólk þarf líka að hafa aðgengi að öruggu hentugu húsnæði þó það þurfi ekki endilega niðurgreidda leigu.

Fatlað fólk með mikla hjúkrunarþörf

- Fatlað fólk með mikla hjúkrunarþörf þarf að geta fengið þjónustu heim eða í minni íbúðakjarna.
- Ungt fatlað eða langveikt fólk þarf oft annars konar aðbúnað en þeir sem eldri eru en umönnun þeirra er á ábyrgð ríkisins. Við viljum vinna að því að ungt fólk geti alltaf valið að fá þjónustu heim eða þangað sem það vil en það þurfum við að gera í samráði við ríkið.
- Það unga fólk sem velur að flytja á hjúkrunarheimi á áfram að fá þjónustu sveitarfélags til að sinna félagslegum athöfnum.

Borg sem fagnar fjölbreytileika

Í Reykjavík býr fjöldi fólks með annað tungumál en íslensku að móðurmáli og það er mikilvægt að við finnum öll hæfileikum okkar og þekkingu farveg í borginni. Reykjavíkurborg býr auk þess að dýrmætri reynslu af móttöku flóttafólks og hefur nýlega stofnað alþjóðateymi sem annast og samræmir starf Reykjavíkurborgar með fólki af erlendum uppruna, óháð því hvort einstaklingar fengu alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Þjónusta og aðstoð sveitarfélaga er mikilvæg fyrir fólk sem er að fóta sig í nýju landi.

- Reykjavík á ekki að láta sitt eftir liggja í móttöku flóttafólks frá Úkraínu.
- Við viljum efla alþjóðateymi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og halda áfram að þróa móttöku flóttafólks með nýjum samning við ríkið.
- Mikilvægt er að huga að stuðningi við börn á flóttu og aðlögun þeirra í skóla- og frístundastarfi.
- Við komum á *Sendiherraverkefninu* sem hefur það markmið að skapa vettvang fyrir samstarfi við íbúa af erlendum uppruna innan hverfa og að auka þátttöku barna í íþróttu- og tómsundastarfi. Með samráðinu skapast mikil þekking hjá öllum aðilum, sendiherrum, íbúum og starfsfólki

þjónustumiðstöðvarinnar um leiðir til að mæta þörfum fólks af ólíkum uppruna og bregðast við þeim. Við viljum efla þetta verkefni og nýta meira.

- Menninganæm nálgun er mikilvæg í allri þjónustu og markviss samfélagsfræðsla þarf að vera í boði. Verkefnið *Velkomin í hverfið* þar sem fólki er boðið í kaffi eða göngutúr þar sem hverfið og þjónusta borgarinnar þar er kynnt er góð fyrirmynd. Huga þarf að tungumálakunnáttu fólks og styrkja það til menntunar.
- Aðstoð vegna áfallasteitu eða geðheilsuvandamála þarf að bjóðast. Þétt samvinna með heilbrigðiskerfinu er mikilvæg.

Borg sem er aldursvæn og heilsueflandi

Við viljum búa Reykvíkingum tækifæri til að eiga virkt og atorkusamt ævikvöld og að geta valið um þjónustuleiðir ef heilsu hrakar. Inngilding á líka að ná til eldri borgara. Það er ekki vandamál að fólk lifi lengur og eldra fólk borgar skatta og tekur þátt í samfélaginu rétt eins og annað fólk. Eldra fólk á að fá rými til að vera það sjálft og fá tækifæri til virkrar þátttöku eða vinnu eins og aðstæður eru til.

- Við viljum vinna með félögum eldri borgara, öldungaráði Reykjavíkur og eldra fólki í borginni til að skapa það samfélag sem þau vilja búa í.
- Reykjavík er heilsueflandi borg og á að vera aldursvæn.
- Allt manngert umhverfi, félagsstarf og þjónusta borgarinnar á að efla heilsu og stuðla að auknum lífsgæðum fólks.
- Styðja þarf við möguleika á heilsueflingu á vegum borgar, íþróttafélaga og félaga eldra fólks. Leita samstarfs milli ríkis, sveitarfélaga, íþróttahreyfingar og félaga eldra fólks um fjármögnun og framkvæmd heilsueflingarátaks fyrir eldra fólk.
- Ríki og sveitarfélög þurfa að stóruka samvinnu sína með það að markmiði að fólk fái fyrr á lífsleiðinni skipulagða hvatningu til heilsueflingar og aukins heilsulæsis.
- Búum til Menningar- og heilsukort eldri borgara í Reykjavík. Við viljum að þegar fólk verður 70 ára fái það boð um heilsueflandi heimsókn þar sem menningar- og heilsukort er kynnt, sem og allt starf fyrir eldri borgara í hverfinu, og farið er yfir öryggisþætti heimila í forvarnaskyni.
- Þróa félagsmiðstöðvar eldri borgara yfir í samfélagshús – staði sem eru notendastýrðir en um leið sé tryggt að þar sé líf og fjör og fjölbreytt tækifæri til virkni. Gæta þarf þess að pláss sé fyrir fólk með mismunandi færni og þarfir og að veittur sé faglegur stuðningur til þátttöku.

Lífsgæðakjarnar svara kröfu um öryggi og samveru

- Stefna að því að minnsta kosti þrjú nýir lífsgæðakjarnar fyrir eldra fólk fari í uppbyggingu í Reykjavík á næsta kjörtímabili – í Ártúnshöfða, í Úlfarsárdal og á einum til tveimur stöðum vestan Elliðaána. Í lífsgæðakjörnum eru heimili og þjónusta tengd saman til að skapa öryggi og samveru. Þar er að finna góða blöndu eignaíbúða, búseturéttar og minni leiguíbúða.

- Efna til samkeppni um bestu útfærslu þessara hugmynda um lífsgæðakjarna fyrir eldra fólk. Áhugaverðast er að lífsgæðakjarnar verði í blandaðri byggð þannig að allir aldurshópar blandist í daglegu lífi og hverfistengdri þjónustu.
- Eldra fólk á að standa til boða fjölbreytt búsetuúrræði og gott aðgengi að alls kyns hversdagslegri þjónustu. Öryggi og samvera eru einkennisorð lífsgæðakjarna.
- Halda áfram farsælu samstarfi við húsnæðisfélög eldri borgara um uppbyggingu almennra íbúða fyrir aldraða þar sem áhersla er lögð á þægilegar og vel staðsettar smærri íbúðir.
- Ráðast í endurhönnun og endurbætur á íbúðakjörnum á vegum Reykjavíkurborgar fyrir eldra fólk. Þjónustuíbúðir eru mikilvægur þáttur í þjónustukeðju borgarinnar.

Færum þjónustuna heim til fólks

- Halda áfram að færa þjónustu í auknum mæli heim til eldra fólks svo það hafi raunverulegt val um búsetu og geti haldið sér í virkni.
- Eldra fólk er alls konar eins og við öll – fatlað, með annað móðurmál en íslensku, hinsegin og svo framvegis – og þjónusta til þeirra þarf að vera einstaklingsmiðuð og veitt í samræmi við óskir þeirra og væntingar.
- Reykjavík hefur samþætt félagslega stuðningsþjónustu og heimahjúkrun með samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Þetta gefur tækifæri til þverfaglegrar teymisvinnu í heimþjónustu. Starfandi eru endurhæfingarteymi, hjartabilunarteymi, öldrunarteymi og viðbragðsteymi sem hjálpar til þegar hlutir eru komnir í óefni. Við viljum halda áfram á þessari braut teymisvinnu og einstaklingsmiðaðrar þjónustu.
- Þróa samstarf um þjónustuleiðir fyrir eldri borgara sem veita aðstoð við minni húsverk og jafnvel flutningaaðstoð fyrir tekjulægri eldri borgara.
- Eldra fólk þarf að hafa gott aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu þar sem geðsjúkdómar geta verið vangreindir og þarfnast meðferðar sem og gömul áföll sem stundum koma upp á yfirborðið þegar fólk verður eldra.
- Nýta á kosti velferðartækni til að bæta öryggi og aðstöðu í heimahúsum eldra fólks.
- Bæta á næringarráðgjöf og innleiða næringarmarkmið um mat fyrir eldra fólk, bæði heimsendan og í félagsmiðstöðvum, og auka úrval. Tvær máltíðir þurfa að bjóðast alla daga.
- Taka upp skimun í heimahjúkrun fyrir vannæringu og þróa skilvirk viðbrögð.
- Tryggja að starfsfólk heimþjónustu og hjúkrunarheimila á vegum borgarinnar fái kennslu og þjálfun í persónumiðaðri umönnun og samskiptum við fólk með heilabilun.

Hjúkrunarheimili

- Langvarandi skortur á hjúkrunarrýmum bitnar verst á veiku eldra fólk. Það er óásættanleg staða að fólk sé látið dvelja vikum og mánuðum saman á Landspítala á meðan það bíður eftir úrræðum.
- Vinna áfram með ríkinu og þrýsta á aukna uppbyggingu hjúkrunarrýma í Reykjavík.

- Hefja samtal við ríkið um skilvirkari vinnubrögð þegar fólk flytur á hjúkrunarheimili. Sumir þurfa áfram að geta sótt sjúkraþjálfun, sálfræðipjónustu, dagdvöl og fleira sem í núverandi kerfi fellur niður.
- Aðkallandi er að endurskoða reglur um greiðsluþátttöku og aðgengi að heilbrigðisþjónustu, hjálpartækjum og annarri þjónustu á hjúkrunarheimilum.
- Fólk með mikla hjúkrunarþörf sem flytur inn á hjúkrunarheimili á að hafa áfram rétt á akstursþjónustu og stuðningi til félagslegra athafna.

Örugg borg þar sem ofbeldi er aldrei liðið

Reykjavík á að vera örugg borg þar sem ofbeldi er aldrei liðið. Ofbeldisvarnarnefnd hefur sannað mikilvægi sitt. Við viljum festa hana í sessi og taka enn stærri skref í átt að ofbeldislausri Reykjavík með því að hrinda nýrri aðgerðaáætlun gegn ofbeldi hratt í framkvæmd.

- Efla samstarf til að bæta öryggi á skemmtistöðum og í nágrenni þeirra. Fá fleiri forsvarsmenn og starfsmenn skemmtistaða í lið með okkur.
- Stuðla að jöfnuði og öryggi innan hverfa með þátttöku í verkefninu *Nordic Safe Cities*.
- Efla enn samstarf Reykjavíkurborgar við Kvennaathvarfið, lögregluna og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við heimilisofbeldi. Sérstök áhersla á að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi.
- Reykjavík er öflugur bakhjarl og þátttakandi í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Við viljum þróa það samstarf áfram og efla.
- Standa með þolendum ofbeldis, veita þeim og aðstandendum þeirra stuðning og opna þeim leið til valdeflingar.
- Huga sérstaklega að viðkvæmum hópum og þeim sem eru útsettir fyrir margþættri mismunun, svo sem heimilislausum konum og fólki af erlendum uppruna.
- Valdefla fatlað fólk með fræðslu um ofbeldi og þau stuðningsúrræði sem eru fyrir hendi.
- Tryggja öryggi allra sem hafa húsnæði á vegum borgarinnar og fræða starfsfólk um einkenni ofbeldis og hvernig koma má í veg fyrir það.
- Vinna að útgönguleið fyrir fólk í vændi í samstarfi við ríkið
- Stuðla að fjölgun úrræða fyrir gerendur í ofbeldis- og kynferðisbrotamálum. Það er líka forvörn.
- Mansal er staðreynd í íslensku samfélagi og starfsfólk borgarinnar þarf að vera upplýst um einkenni þess og rétt viðbrögð þegar það kemur upp.
- Efla Jafnréttisskólann og tryggja öllum börnum fræðslu um kynlíf, klám og kynheilbrigði.
- Vinna með forvarnafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga að forvörnum gegn ofbeldi.
- Auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða það opinskátt og taka afstöðu gegn því. Innleiða verklagið *Opinskátt um ofbeldi* í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum.
- Vinna þarf gegn allri öfgahyggju en ójfnuður og tilfinning fólks að það tilheyri ekki samfélaginu er hættuleg. Við eigum öll samfélagið saman.
- Útbúa leiðbeiningar um hvernig öryggissjónarmið eru fléttuð inn í borgarskipulag.
- Vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni í starfsumhverfi borgarinnar.
- Efla ráðgjöf til brotþola á þjónustumiðstöðvum þó ekki sé um útkall að ræða.

Borg mannréttinda, þátttöku og sterkari hverfa

Samfylkingin vill að borg okkar allra, Reykjavík, og allir þjónustubættir hennar byggi á hugmyndafræði algildrar hönnunar. Þannig byggjum við borg fyrir alla hópa, án tillits til uppruna, aldurs, fötlunar, stéttar, litarháttar, trúarskoðana, stjórnmálaskoðana, kyns, kynhneigðar eða kynvitundar, heilsufars, líkamsgerðar eða annarrar stöðu. Við viljum að hönnun og samsetning umhverfis og þjónusta borgarinnar sé aðgengileg öllum þannig að allir geti nálgast hana, skilið og notað óháð aldri, uppruna, stærð, færni eða fötlun. Þetta á að vera leiðarljós í faglegri vinnu okkar svo að þörfum allra borgarbúa sé mætt.

Við viljum skoða kosti þess að tekin verði upp mannréttindavottun óháðra aðila innan sviða og stofnana borgarinnar og að Reykjavík verði leiðandi í áherslu á margbreytileika og að jafnréttissjónarmið nái lengra en til kynjajafnréttis. Starfsmenn, borgabúar og kjörnir fulltrúar þurfa að vera vakandi fyrir margþættri mismunun sem tengist meðal annars inngilding, líkamsvirðingu, fötlun og fjölbreytileika almennt.

Ein borg fyrir alla

- Inngilding (e. inclusion) þarf að vera grundvöllur í allri stefnumótun og störfum borgarinnar.
- Fjölbreyttur mannauður er undirstaða jákvæðrar þróunar í borgarsamfélaginu.
- Starf brúarsmiða borgarinnar á að vera fyrirmynd í öllum störfum með innflytjendum.
- Íslenskan er lykill að þátttöku í samfélaginu og stöðu hennar og aðgengi að tungumálinu þarf að tryggja skv. Málstefnu borgarinnar.
- Reykjavík verði leiðandi í útbúa starfstengd námskeið í íslensku fyrir starfsfólk borgarinnar og tryggja starfstengdra íslenskukennslu þeirra sem starfa í stofnunum borgarinnar eins og skólum, frístund og velferð. Fjármagna þarf afleysingar í samráði við stjórnendur og mannauðssvið.
- Ábati af starfstengdum íslenskunámskeiðum skili sér í umbun til starfsmanna og möguleika til framþróunar í starfi.
- Á sama tíma þarf að tryggja aðgengi að upplýsingum fyrir þá sem hafa ekki enn náð tökum á íslensku í gegnum faglegar þýðingar, túlkun og upplýsingagjöf á öðrum tungumálum.
- Marka skýra túlka- og þýðingastefnu ásamt faglegri verkefnisstjórn.
- Auka aðgengi innflytjenda að þjónustu borgarinnar í gegnum borgarþjónustu, til dæmis á bókasöfnum.
- Virkja mannauð innflytjenda og auka hlutfall Reykvíkinga af erlendum uppruna í ábyrgðarstöðum hjá borginni. Endurskoða ráðningarferli með tilliti til fjölbreyttrar samsetningar borgarsamfélags.
- Efla grasrótastarf samtaka innflytjenda – bjóða þeim að taka þátt í fleiri verkefnum og skipa þeim hlutverk í samræmi við stærð og virkni samtaka þeirra.
- Reykjavíkurborg á að fylgjast vel með lykiltölum varðandi innflytjendum og aðstæður þeirra í borginni, til dæmis aðgengi að húsnæði, ábyrgðarstörfum, menningu og launaþróun.
- Vinna markvisst gegn launamun starfsfólks af erlendum uppruna.
- Leggja sérstaka áherslu á að vinna gegn margfaltri jaðarsetningu, til dæmis eldri borgara af erlendum uppruna.

- Vinna þarf markvisst gegn hatursorðræðu og rasisma.
- *Ein borg fyrir alla* – ný og virkari útgáfa af fjölmeningarþingi til að auka lýðræðislega þátttöku (að fyrirmynd *En by for alle*).
- Hafa frumkvæði að þverfaglegu samstarfi við ríkið um áframhaldandi þróun og uppbyggingu á upplýsinga- og þjónustumiðstöð fyrir innflytjendur.
- Innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins inn á öll svið borgarinnar til að tryggja réttindi barna samkvæmt þeim samningnum.
- Efla lýðræðisþátttöku barna og ungmenna og tryggja margbreytileika hópsins sem tekur þátt.
- Tryggja framboð fjölbreytilegra starfa og hlutastarfa sem gætu hentað fötluðu fólki eða fólki með skerta starfsgetu.
- Aldursvæn borg – huga að umhverfi, þjónustu og þátttöku er varðar eldri borgara. Hvetja til virkni eldri borgara með öflugum tækifærum til heilsueflingar og samfélagsþátttöku.
- Þjóða upp á fleiri sjálfboðaliðastörf hjá borginni til að auka virkni borgarbúa, svo sem fyrir eldri borgarar eða aðra sem vilja taka þátt.

Jafnréttisborgin

- Reykjavíkurborg á alltaf að vera í forystu í jafnréttismálum.
- Efla ímynd Reykjavíkur sem jafnréttisborgar, gera sögu kvenna og kvenréttindabaráttunnar hærra undir höfði bæði í verkefnum borgarinnar og í borgarrýminu.
- Útrýma kynjuðum launamun meðal alls starfsfólks Reykjavíkurborgar, tryggja jafnlaunavottun og koma í veg fyrir hvers konar launamismunun sem kann að vera hjá jaðarsettum hópum.
- Vinna markvisst gegn því að störf hjá borginni séu kynjuð.
- Borgin beiti sér fyrir breiðri samstöðu á vinnumarkaði um að hækka laun kvennastétta í komandi kjarasamningum.
- Vinna gegn klámvæðingu með aukinni fræðslu og reglum gegn meiðandi auglýsingum í almannarýminu.
- Huga að jafnrétti kynjanna í allri þjónustu borgarinnar svo hún nýtist öllum kynjum jafnt.
- Efla samstarf og samráð við kvennahreyfinguna og Kvenréttindafélag Íslands um jafnréttismál á ýmsum sviðum borgarinnar.
- Efla Jafnréttisskóla Reykjavíkur, sem ætlað er að miðla þekkingu á jafnréttismálum til leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva, ásamt því að sinna forvarnarstarfi sem tengist kynbundnu ofbeldi í fjölbreyttri mynd.
- Þróa áfram kynjaðar fjárhags- og starfsáætlanir til að stuðla að auknu jafnrétti og réttlátari nýtingu fjármuna – til fræðslu-, menningar-, húsnæðis-, íþróttá- og umferðarmála og svo framvegis.
- Halda áfram með verkefni um styttingu vinnuvikunnar og innleiða hana þar sem mögulegt er til að auðvelda fólki að samræma vinnu og einkalíf.
- Útrýma kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í starfsumhverfi borgarinnar.

Hinsegin borgin

- Vinna að jafnrétti allra kynja á öllum sviðum samfélagsins og stefna á að öll málnotkun í auglýsingum, markaðs- og upplýsingaefni frá borginni verði kynhlutlaus.
- Leggja kapp á að skapa borgarumhverfi þar sem enginn upplifir útilokun á grundvelli kyns, kynvitundar eða kynhneigðar.
- Efla samstarf og samráð við hinsegin samfélagið svo sem við Samtökin 78 um málefni hinsegin fólks á ýmsum sviðum borgarinnar.
- Stuðla að hinseginvænu skólakerfi og tryggja að bæði nemendur og starfsfólk leik- og grunnskóla, frístundaheimila og íþróttafélaga fái fræðslu í málefnum hinsegin fólks og orðanotkun.
- Tryggja og festa í sessi hinsegin félagsmiðstöðvar og styðja þannig og efla markvisst hinsegin og kynsegin börn og ungmenni í þeirra tilveru og lífi.
- Gæta sérstaklega að stöðu hinsegin barna í grunnskólum Reykjavíkurborgar með skipulagðri fræðslu innan skólasamfélagsins, leik-, grunnskóla, frístund og skipulögðu tómstundastarfi.
- Vinna að því að opinberar byggingar séu hinseginvænar, til dæmis með kynlausum klósettum í opinberum byggingum, kynlausum klefum í sundlaugum borgarinnar og íþróttamannvirkjum þar sem því verður komið við.
- Efla Reykjavík enn frekar sem hinsegin ferðamannastað og gera hinsegin sögu borgarinnar hærra undir höfði.
- Styðja sérstaklega við hinseginfólk á hjúkrunar- og dvalarheimilum í borginni.

Þátttökuborgin – allir borgarbúar eigi rödd

- Mikilvægt er að tryggja aðgengi allra borgarbúa að upplýsingum og þjónustu og þátttöku í ákvörðunum sem skipta þá máli.
- Tryggja virkt samráð við notendaráð borgarinnar, eins og Íbúaráð, ungmennaráð, öldungaráð, fjölmeningarráð og aðgengis- og samráðsnefndir fatlaðs fólks við ákvarðantöku.
- Innleiða aðgerðaáætlun við lýðræðisstefnu borgarinnar og nýta rafrænan vettvanginn *Hverfið mitt* til aukins samráðs við íbúa, til dæmis með ráðgefandi atkvæðagreiðslum um tiltekin málefni.
- Leggja áherslu á að virkja fólk til þátttöku með því að vinna að því markvisst að auka þátttöku í lýðræðisverkefnum eins og verkefnum *Hverfið mitt* og *Skapandi samráð* hverfisskipulags.
- Gera tilraunir með borgaraþing og íbúadómnefndir sem sáttamiðlun í deilumálum. Stuðla að Lýðræðishátíð unga fólksins og veita lýðræðisverkefnum í skóla- og frístundastarfi brautargengi.
- Framkvæma borgarkannanir um stór hagsmunamál, til dæmis til að fá viðhorf borgarbúa til mála sem eru til meðferða í skipulagsmálum, menntamálum eða velferðarmálum.

Aukið vald til hverfanna

- Tryggja áframhaldandi sess íbúaráðanna sem samtalsvettvang og sem brú milli íbúa og stjórnarsýslu borgarinnar og borgarstjórn í gegnum þjónustumiðstöðvar og grasrótarfélög hverfanna í borginni.
- Unnið verði áfram með tillögur stýrihóps íbúaráðanna, innleiðingu og áframhaldandi þróun tilraunaverkefnis íbúaráða fyrir hverfi og íbúa borgarinnar.
- Tryggja áframhaldand á ráðstöfun íbúaráða á styrkjum úr hverfissjóðum Reykjavíkurborgar og stuðningi borgarinnar við sumarborg í úthverfum.
- Áframhaldandi þróun og uppbygging þeirra hverfa sem fengið hafa samþykkt Hverfisskipulag og vinna markvisst áfram við að gera hverfin sjálfbærari með minni umferð, lægri umferðahraða, markvissari uppbyggingu hjólastíga, sterkari hverfiskjörnum og öflugri þjónustu í nágrenninu.
- Bæta vetrarþjónustu í hverfunum og hvetja þannig til þess að börn og fullorðnir fari styttri ferðir gangandi eða hjólandi allt árið samhliða dagvistun innan hverfis til að tryggja að foreldrar og börn hafi val um að ganga eða hjóla í stað bílferðar.
- Við endurnýjun eldri hverfa og þéttingu byggðar verði lögð áhersla á þarfir gangandi og hjólandi. Einnig skal horfa til þess að auka trjárækt og vinna að skjólmyndun í sátt við umhverfið.
- Hverfið mitt er lýðræðisverkefni sem ætlað er að efla bein áhrif íbúa á nærumhverfi sitt og mikilvægt er að tryggja því áframhaldandi sess og festu.
- Gera aðgengilegri og kynna íbúum betur virkni Borgarvefsjár og Framkvæmdasjár þar sem forgansröðun hefur verið ákveðin í ólíkum framkvæmdum innan hverfa borgarinnar og á sama tíma veita meiri fyrirsjáanleika og gagnsæi vegna viðhalds og nýrra verkefna í ólíkum hverfum borgarinnar.

Betra upplýsingaflæði

- Tryggja aðgengilegan upplýsingavef um þjónustu borgarinnar, þar sem fram koma lykiltölur og upplýsingar um starfsemi borgarinnar.
- Fylgja eftir Málstefnu Reykjavíkurborgar, texta borgarstjórnarfundi og setja skýra túlkunar- og þýðingarstefnu með leiðbeiningum til starfsfólks borgarinnar og þá sem nota þjónustu hennar.
- Tryggja að fundir borgarstjórnar séu textaðir á netinu.
- Í boði sé táknaðs- og/eða rittúlkun sé þess óskað þegar opnir fundir eru haldnir á vegum borgarinnar, þannig að allir íbúar geti notið upplýsingagjafarinnar.
- Bæta upplýsingagjöf á öðrum tungumálum en íslensku. Setja verkefnisstjórn yfir túlkunar- og þýðingarmálin í borginni og ráða þýðendur í ensku og pólsku við upplýsingagjöf af hálfu borgarinnar þannig að upplýsingastjórn sé samræmd og skipulögð þvert á fagsvið borgarinnar.
- Auka enn frekar rafræna þjónustu við borgarbúa og leggja áherslu á fjölbreytt og aðgengilegt rafrænt kynningarstarf.
- Fræða nýja kjósendur betur um rétt sinn.
- Þróa áfram opin fjármál borgarinnar.
- Halda áfram að bjóða íbúum á reglulega borgarafundi sem eru opnir og er streymt á netinu.
- Markviss fræðsla fyrir borgarstarfsmenn til að tryggja að allar stjórnarsýslueiningar borgarinnar fylgi stjórnarsýslulögum í einu og öllu.

- Auka gagnsæi í störfum nefnda og ráða borgarinnar, til dæmis með því að birta í auknum mæli þau gögn sem unnið er með og fundargerðir og með fjölgun opinna funda.
- Auka skilvirkni umsóknakerfis vegna styrkja borgarinnar og bjóða umsækjendum stuðning ef þess þarf.
- Vefir borgarinnar eiga að vera aðgengilegir öllum og skal þar í hvívetna fylgt hugmyndum algildrar hönnunar.

MENNINGARMÁL

Við viljum efla Reykjavík sem lifandi menningarborg á öllum sviðum. Mikilvægt er að hér séu góðar aðstæður til að skapa list og njóta menningar og menningararfs. Fyrir vikið verður til ríkidæmi sem við njótum öll. Líf okkar verður innihaldsríkara, fjölbreyttara og skemmtilegra. List og menning eru snar þáttur í lífsgæðum okkar og um leið mikilvægir drifkraftar í þróun samfélagsins.

- Það er mikilvægt að Reykjavík sé góð borg til að búa í og starfa í fyrir skapandi fólk.
- Nauðsynlegt er að hlúa að grasrótinni í listum og styðja eins og kostur er við listamannarekin rými, vinnuaðstöðu listafólks, æfingahúsnæði og sýningarstaði. Skoða skal leiðir til að lækka álögur á slíku húsnæði.
- Menning og listir í Reykjavík eiga að vera inngildandi og öllum aðgengilegar. Við leggjum áherslu á að Reykjavík geri öllum íbúum borgarinnar kleift að njóta lista, menningar og menningararfs.
- Við viljum að menning og listir dafni í öllum hverfum borgarinnar. Efla og styrkja menningarmiðstöðvar í hverfunum og styðja skapandi framtak í þeim.
- Reykjavíkurborg á að leggja áherslu á barnamenningu. Við teljum mikilvægt að öll börn í Reykjavík taki þátt og hafi aðgang að menningu og listum. Skoða skal leiðir til að hvetja og styrkja til að taka þátt í menningarstarfi.
- Mikilvægt er að ný og framsækin menningarstefna verði notuð sem leiðarljós til næstu ára.
- Við teljum það fagnaðarefni að Hafnarhúsinu við Tryggvagötu verði breytt í hús myndlistar sem mun meðal annars hýsa verðmætt safn Nínu Tryggvadóttur.
- Við viljum fylgja eftir stækkun og umbreytingu Borgarbókasafns í Grófarhúsi. Þannig gefst tækifæri til að víkka hlutverk safnsins og hússins sem lifandi og fjölbreytts menningar-, lýðræðis-, fjölskyldu- og bókahúss fyrir alla borgarbúa. Áfram verði unnið að því að þróa nýmæli í bókasöfnum og menningarhúsum hverfanna.
- Við viljum að Reykjavíkurborg standi undir nafni sem bókmenntaborg UNESCO.
- Við tökum heilshugar undir hvatningu sambands íslenskra myndlistarmanna, *Við borgum myndlistarmönnum*, og erum hreykin af því að nú fá myndlistarmenn greiðslur fyrir sýningar á vegum borgarinnar.
- Okkur finnst nauðsynlegt að Korpúlfsstaðir dafni sem listamiðstöð í Grafarvogi.

- Í Gufunesi rís „fríríki frumkvöðlanna“, þangað eru nú þegar flutt öflug kvikmyndafyrirtæki. Þar er einnig risin nokkurs konar listamannanýlenda með hjálp borgarinnar. Við teljum þetta mikilvæga og skemmtilega þróun. Þarna er þegar orðin mjög blómleg þróun og mikilvægt að fríríkið fái að halda sérstöðu sinni.
- Við viljum efla verkefnasjóði listgreina og huga að því að styrkja grasrótastarf.
- Við viljum koma á Myndlistarþríæringi í Reykjavík.
- Við teljum nauðsynlegt að styrkja tónlistariðnaðinn. Úrbótasjóður tónleikastaða er gott dæmi um slíkan stuðning.

Íþróttta- og frístundaborgin

Íþróttastarf í Reykjavík er mjög fjölbreytt og byggir meðal annars á blómlegu starfi íþróttafélaga og samstarfi þeirra við borgina. Við ætlum að fylgja eftir nýrri íþróttastefnu til 2030 enda hún byggð á víðtæku samráði við íþróttafélögin. Leiðarljós stefnunnar er að sem flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu sér til heilsubótar.

- Við teljum mikilvægt að íþróttir, líkamsrækt og hreyfing sé fyrir alla borgarbúa á öllum æviskeiðum.
- Við viljum að öll börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi óháð efnahag, stétt eða stöðu.
- Við viljum að frítt verði í sund fyrir 10 ára og yngri.
- Frístundastyrkur verði hækkaður í 75 þúsund krónur fyrir hvert barn. Markmið verði að öll börn hafi greiðan aðgang að frístundastarfi, óháð fötlun, efnahag foreldra eða félagslegri stöðu. Við viljum jafnframt að börn tekjulágra foreldra geti átt þess kost að fá 100 þúsund krónur í frístundastyrk.
- Stofnaður verði sjóður þar sem vannýtt fjármagn frístundastyrks innan hverfa borgarinnar renni í frístundasjóð en þjónustumiðstöð hverfanna annast úthlutun til að til að styðja tekjulágar fjölskyldur við að mæta þeim auka kostnaði sem hlýst við frístundaþátttöku barna og ungmenna.
- Við viljum að keppnis- og afreksfólk, sem veitir framtíðarkynslóðum hvatningu til íþróttaiðkunar og heilbrigðs lífstíls, verði styrkt sérstaklega af ríkinu.
- Stuðla að áframhaldandi uppbyggingu mannvirkja, tryggja rekstrarlega hagkvæma aðstöðu til íþróttaiðkunar samhliða því að vinna eftir forgangsriðun uppbyggingu mannvirkja sem unnin var á kjörtímabilinu.
- Við viljum styðja rafíþróttir.
- Tryggja samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi málefni frístundastarfs fatlaðra.
- Við viljum að styrkir til íþróttafélaga hvíli á þeim forsendum að fylgt sé skýrri jafnréttisáætlun, áætlun um ofbeldisvarnir og reglulegri hinsegin fræðslu.
- Samræma faglega vinnu sem snertir málefni allra íþróttafélaga eins og jafnrétti, mannréttindi og siðareglur. Skapa verkferla fyrir öll íþróttta- og tómsundafélög í borginni til að þau geti stutt og leiðbeint sínu fólki í erfiðum málum.
- Auka samþættingu íþróttta-, skóla, og frístundastarfs með betri nýtingu mannvirkja, fjármagns og mannauðs í huga og færa til betri vegar þar sem við á.

- Við viljum styðja sérstaklega við þau íþróttafélög sem velja það að vera uppeldisfélög og sinna skipulagðri hreyfingu fyrir allan aldur, félög sem leggja áherslu á og hlúa að þátttöku og hreyfingu grasrótar, barna, ungmenna, íbúa og eldri borgara skapa umgjörð í starfi sínu fyrir þátttöku allra borgarbúa í fjölbreyttri flóru íþróttar og tómsunda með áherslu á almenningsíþróttir og hreyfingu.

Græn svæði og tækifæri til útivistar

- Við viljum bæta aðstöðu við Ylströndina, lengja afgreiðslutíma, fá nýjan útiklefa og nýjan heitan pott með aðgengi fyrir fólk með skerta hreyfihömlun.
- Við viljum efla og skipuleggja Austurheiðar sem framtíðarútivistarsvæði með markvissri uppbyggingu göngustíga, áningastaða, lýsingu, fjallahjólreiðastíga og vetraríþróttar eins og gönguskíða þannig að borgarþátttakari fái að njóta náttúru, heilbrigðs lífstíls og útivistar allt árið um kring. Heilsuhringur í heilsuborginni fyrir alla borgarbúa í jaðri byggðar.
- Ný sundlaug verði byggð í Fossvogi í samvinnu við Kópavogsbæ.
- Áfram verði unnið að endurnýjun á Laugardalslaug og gerð verði þarfagreining fyrir yfirbyggða kennslulaug við Vesturbæjarlaug.
- Elliðárdalurinn verði áfram eflur sem útivistarsvæði í hjarta borgarinnar. Umhverfisvænni og útivistartengdri þjónustu og tómsundastarfsemi verði gefin færi á að byggjast upp í jaðri dalsins og auka þannig aðdráttarfl hans.
- Geirsnef verði þróað sem spennandi og fjölbreytt útivistarsvæði í tengslum við uppbyggingu nýrra hverfa í Vogabyggð og Ártúnshöfða. Huga þarf sérstaklega að góðu rými fyrir hundaeigendur á svæðinu.

Matur og menning

- Efla matarmenningu og auka aðgengi að vistvænum, góðum og hollum mat.
- Styðja við kaupmanninn á horninu í skipulagi borgarinnar og matjurtagarða í hverfunum og gera ráð fyrir matarmörkuðum með ferskvöru, kaffihúsum og veitingastöðum innan allra hverfa eins og við verður komið.
- Tryggja að neysla matar, framleiðsla og meðhöndlun gangi ekki nærri náttúru, hvort sem er staðbundið eða hnattrænt.
- Leikskólum og félagsmiðstöðvum eldri borgara standi til boða að rækta grænmeti.
- Þjóða grænmetisfæði fyrir þá sem vilja í skólum borgarinnar og í félagsþjónustu, þegar matur er heimsendur, á hjúkrunarheimilum og í mótuneytum starfsmanna borgarinnar.
- Halda áfram að fjölga matjurtagörðum fyrir fjölskyldur í borginni eftir því sem eftirspurn eykst. Hvetja til þess að græn svæði séu nýtt til matjurtaæktar í takti við sjálfbærnimarkmið.
- Í íþróttamannvirkjum og borgarstofnunum þar sem gestum er seldur matur sé miðað við gátlista Embættis landlæknis um heilsueflandi samfélag, *Velliðan með hollu mataræði*.

- Átak gegn matarsóun verði hluti af grænum skrefum í starfi borgarinnar. Það felur meðal annars í sér að vinnustaðir á vegum Reykjavíkurborgar hefji reglubundnar mælingar á því hvað matarúrgangur er þar mikill.
- Hvatt verði til þess að fyrirtæki, stofnanir og borgarar minnki matarsóun. Öll hverfi fái sinn eigin frískáp eða annarskonar deiliverkefni.

Fjármál, atvinnulíf og stjórn borgarinnar

Stöðug stjórn – samhentur meirihluti

- Stjórn borgarinnar hefur einkennst af miklum stöðugleika undanfarin ár þrátt fyrir nokkurn óstöðugleika í stjórnámum á landsvísu. Reykvíkingar hafa notið góðs af því að búa við afar samhentan fjögurra flokka meirihluta undir forystu Samfylkingarinnar.
- Það er mikilvægt að skýr framtíðarsýn liggja til grundvallar við stjórn borgarinnar og að þeirri stefnu sem hún mótar sé fylgt fram af festu með hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi. Við höfum þessa skýru sýn og sækjumst eftir umboði borgarbúa til að fylgja stefnunni áfram.
- Höldum áfram að sýna í verki að stöðugleiki er ekki bara frasi – raunverulegur stöðugleiki fæst með með samtali, sanngirni og ábyrgum stjórnarháttum.

Áfram ábyrg fjármálastjórn – Græna planið

- Ábyrg fjármálastjórn hefur verið eitt helsta viðfangsefni meirihluta borgarstjórnar á undanförunum árum. Viðsnúningur í rekstri náðist á skömmum tíma og hefur hann verið nýttur í kjarabætur, skólastarf og velferðarmál.
- Björgunaráætlun í fjármálum Orkuveitu Reykjavíkur var fylgt fast eftir og nýtur fyrirtækið nú ávaxtanna af því. Það er brýnt að halda þar áfram á sömu braut.
- Áhrif kórónuveirufaraldursins og efnahagslegs samdráttar sem fylgdi var eitt stærsta verkefnið á kjörtímabilinu. Tekjuráætlanir gengu ekki eftir, kostnaður vegna sóttvarnarráðstafana var umtalsverður, einkum í skólum og velferðarþjónustu.
- Græna planið var áætlun borgarinnar um efnahagslega endurreisn. Það byggði á framtíðarsýn um græna þróun borgarinnar, uppbyggingu sem styður við loftslagsmarkmið og lífsgæði borgarbúa í hverfunum. Græna planið er fjárfestingaráætlun til tíu ára og er mikilvægt að henni verði fylgt eftir.
- Fjármál borgarinnar og samstæðu hennar standa sterkt sem skiptir miklu því á næstu árum þarf að fjárfesta af krafti í samræmi við hraðan vöxt borgarinnar, eflingu atvinnulífs og metfjölgun íbúða.
- Stuðla áfram að því að fjármál borgarinnar séu opin og gagnsæ og kanna leiðir til að gera bókhald borgarinnar enn aðgengilegra.
- Fasteignagjöld af íbúðarhúsnæði eru með því lægsta á landinu í Reykjavík. Þá var tekjutengdur afsláttur fyrir eldra fólk og öryrkja af fasteignagjöldum hækkaður.

- Stilla á gjaldtöku fyrir þjónustu borgarinnar í hóf, einkum með hliðsjón af hagsmunum barnafólks, stúdenta, fatlaðs fólks, aldraðra og öryrkja. Halda áfram að bjóða afslátt fyrir eldri borgara á söfn og frítt í sund.
- Endurskoða húsnæðismál borgarinnar með tilliti til hagkvæmnissjónarmiða, samnýtingar og grunnir Græna plansins.

Kraftmikið og skapandi atvinnulíf

- Kraftmikið og skapandi atvinnulíf er einhver helsti kostur Reykjavíkur, og er nauðsynlegur þáttur í lífsgæðum í borginni.
- Hagvöxtur á Íslandi undanfarin ár hefur að miklu leyti skapast við blómlegt atvinnulífi og mikla uppbyggingu í borgarhagkerfinu. Þar hefur gott samstarf milli Reykjavíkurborgar og atvinnulífsins skipt höfuðmáli.
- Til að Reykjavík verði áfram í fararbroddi er brýnt að atvinnulíf borgarinnar byggist á fjölbreytni, sköpunarkrafti og háu þekkingarstigi. Þannig getur Reykjavík staðist alþjóðlega samkeppni við aðrar borgir um fyrirtæki, fjárfestingu og vinnuafli.
- Það er eilífðarverkefni að þróa nútímalegt atvinnulíf og skapa sem best skilyrði fyrir stofnun og rekstur fyrirtækja. Reykjavík á að styðja við nýsköpun í atvinnulífinu og bæta umhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þeirra sem bera uppi hagkerfi borgarinnar.
- Þróa borgina áfram sem alþjóðlega menningar- og þekkingarborg þar sem er eftirsóknarvert að búa og starfa og gott að vera gestur.
- Stuðla að grænu og sjálfbæru atvinnulífi með hagkvæmu skipulagi atvinnusvæða.
- Vinna áfram að uppbyggingu öflugra klasa á lykilsvæðum þar sem sóknarfæri eru í atvinnulífi.
- Framtíðarsýnin um þekkingarþorpið í Vatnsmýrinni er orðin að veruleika og er mikilvægt að fylgja eftir sóknarfærum sem leiðir af áframhaldandi uppbyggingu Landspítalans með því að laða að rannsóknar- og heilbrigðistengd þekkingarfyrirtæki.
- Byggingu meðferðarkjarna, húsnæðis heilbrigðisvísindasviðs og rannsóknarhúss á að fylgja eftir með endurnýjun geðspítala Landspítalans og því að flýta byggingu göngudeildarhúss.
- Kvikmyndarþorpið í Gufunesi er komið af stað af krafti. Það getur orðið skapandi klasi á heimsmælikvarða og laðað að sér fjölmörg alþjóðleg verkefni.
- Gamla höfnin, Örfirisey og Grandinn þróist áfram sem stærsta löndunarhöfn landsins þar sem einyrkjar, lítill- og meðalstór fyrirtæki, skapandi greinar, litlir veitingastaðir og hönnunarbúðir fá að blómstra.
- Í Ártúnshöfða og Skeifunni verði blönduð byggð og á Hólmsheiði og Esjumelum þróist fjölbreytt atvinnustarfsemi með áherslu á léttan iðnað. Víða eru því atvinnulóðir og tækifæri til vaxtar fyrir atvinnulífið í borginni.
- Stuðla að áframhaldandi uppbyggingu í ferðaþjónustu í góðu samstarfi við greinina. Reykjavík er að verða sífellt eftirsóttari áfangastaður og hefur ferðaþjónustan í borginni vaxið mjög á undanförunum árum.

Öflug og sjálfbær ferðapjónusta

- Ferðapjónustan hefur verið mesta vaxtargrein atvinnulífs á Íslandi á undanförunum árum og Reykjavík hefur verið hjartað í þeirri þróun. Um 95% allra ferðamanna koma til Reykjavíkur og langflest fyrirtæki í ferðapjónustu eru rekin í Reykjavík.
- Kórónuveirufaraldurinn var gríðarleg áskorun fyrir ferðapjónustu og veitingageirann. Margt bendir til þess að bjartari tímar séu nú framundan og á borgin á að vinna þétt með fyrirtækjum í að sá vöxtur verði sjálfbær.
- Efla Rá eykjavík sem eftirsóttan ferðamannastað fyrir alla með því að þróa borgina áfram sem lifandi og skemmtilega menningarborg. Þarna leikur stefna okkar í skipulagsmálum og samgöngumálum stórt hlutverk.
- Styrkja enn frekar orðspor Reykjavíkur sem áfangastaðar svo það verði áfram með því besta sem þekkest meðal ferðamanna og fyrirtækja í ferðapjónustu. Kannanir sýna að ferðamenn eru ánægðir eftir veru sína í Reykjavík og langflestir þeirra eru tilbúnir að mæla með borginni við vini sína.
- Standa vörð um söguna. Opnun sýningar um upphaf byggðar í Reykjavík í einu elsta húsi borgarinnar, Aðalstræti 10, er til marks um það og standa á vörð um gömul hús og minjar og önnur verðmæti sem við eigum í Reykjavík frá fyrri tíð.
- Styrkja Reykjavík sem menningarborg og sækja fram í samkeppni við aðrar borgir sem vettvangur fyrir alþjóðlegar ráðstefnur og viðburði.
- Nýta tækifærin sem felast í nábyli borgarinnar við einstaka náttúru, ómengað umhverfi og orkunýtingu án loftslagsáhrifa.
- Það eru sameiginlegir hagsmunir borgarinnar og ferðapjónustunnar að stýra þróun greinarinnar með hagsmuni íbúa í forgangi. Miðbær sem heimamenn vilja sækja er miðbær sem ferðamenn vilja sækja.
- Til að forðast einsleitni í þróun borgarinnar hefur verið settur kvóti á ný hótél á Laugavegi, Hverfisgötu, í Þingholtunum og Kvosinni, og byggingu nýrra hótela beint á önnur svæði. Það er rétt stefna.
- Borgin hefur jafnframt sett akstri stórbíla skorður. Borgin þarf að vera tilbúin til að grípa til nýrra ráðstafana í þágu íbúa. Ferðapjónustan þarf að vera á forsendum borgarinnar til að vaxa og dafna í sátt við samfélagið.
- Reglum um Airbnb og skammtímagistingu þarf að fylgja eftir af aukinni festu af hálfu ríkisins. Borgin á að beita sér í því efni og fylgjast náið með þróuninni.
- Lögð verður áhersla á gott aðgengi í ferðamannaborginni. Römpum upp Reykjavík er gott dæmi um viðbrögð við því og mikilvægt að það haldi áfram við fleiri götur en Laugaveg.

Stytting vinnuviku

- Reykjavíkurborg hefur haft forystu við tilraunir um styttingu vinnuviku á Íslandi, án launaskerðingar, sem hafa gefið góða raun og vakið mikla athygli. Innleiðing styttingu vinnuvikunnar hefur gengið betur hjá borginni en mörgum öðrum og næstu stóru verkefni lúta að skólakerfinu.
- Verkefnið um styttingu vinnuvikunnar þarf að efla enn frekar og þróa áfram, í góðu samstarfi við starfsfólk og stéttarfélag.

- Kanna þarf betur langtímaáhrif verkefnisins með því að afla frekari gagna, efla samstarf við starfshóp ríkisins um styttingu vinnuviku og við háskólasamfélagið um áhrif styttingar vinnuvikunnar. Þá gefst færi á að leggja niðurstöðurnar til grundvallar ákvörðunum og útfærslu á hverjum tíma.

Framtíðarsýn fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

- Orkuveita Reykjavíkur er umhverfisfyrirtæki sem umgengst auðlindir og nýtingu þeirra af samfélagslegri ábyrgð. Orkuveitan verður ekki seld, hvorki að hluta né í heild.
- Nýjar borholur verði boraðar eftir köldu vatni einsog þörf er til að tryggja hreint vatn, alltaf.
- Áætlanir verði gerðar um uppfærslu á fráveitustöðvum borgarinnar til að fyrirbyggja að veita þurfi skólpi í sjó við sérstakar aðstæður þannig að strendur borgarinnar verði hreinar, alltaf.
- Stefnt verði að því að virkjanir Orkuveitunnar verði sporlausar gagnvart kolefnisútbæstri og brennisteinsvetni fyrir árið 2030.
- Gagnaveitan tryggi opna samkeppni um þjónustu yfir öflugt ljósleiðaranet og stuðli þannig að snjallvæðingu og aukinni samkeppnishæfni borgarinnar. Ljósleiðarinn verði áfram í eigu borgarinnar.
- Snjallmælar verði teknir upp til að bæta orkunýtingu, t.d. með því að selja ódýrari raforku á nóttunni og auðvelda rafbílavæðingu og rafhleðslu við heimili.
- Reykjavíkurborg og Orkuveitan haldi áfram að auðvelda rafbílavæðingu og orkuskipti í samgöngum með því meðal annars að gefa færi á hleðslu á bílastæðum fjölbýlishúsa í samvinnu við húsfélög, og hleðslu á almenningsstæðum eða stæðum þjónustufyrirtækja sem eru auð á nóttunni þegar hagstæðast er að hlaða.
- Rekstrarbati Orkuveitunnar verði áfram nýttur til að lækka gjaldskrá til viðskiptavina á ábyrgan hátt og til að greiða eðlilegan arð í borgarsjóð.
- Áfram verði kosnir faglegir fulltrúar fremur en stjórnámálamest í stjórn Orkuveitunnar en áherslur borgarstjórnar birtist í samþykktri eigendastefnu og þátttöku í veigamiklum og stefnumarkandi ákvörðunum.